

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 5. desember 2022

Mál nr. E-1819/2017:

Landsbankinn hf.

(*Hannes Júlíus Hafstein lögmaður*)

gegn

Heflun ehf.

(*Ólafur Kjartansson lögmaður*)

og

Heflun ehf.

(*Ólafur Kjartansson lögmaður*)

gegn

Landsbankanum hf.

(*Hannes Júlíus Hafstein lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þess, þann 11. október sl., var höfðað með stefnu, birtri þann 15. maí 2017, af stefnanda, Landsbankanum hf., Austurstræti 11, Reykjavík, á hendur stefnda, Heflun ehf., Lyngholti, Hellu.

Stefnandi, Landsbankinn hf., gerir þar þær dómkröfur að stefndi, Heflun ehf., verði dæmdur til að greiða stefnanda 69.479.888 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 69.479.888 krónum frá 17. október 2014 til greiðsludags.

Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað úr hendi stefnda m.t.t. virðisaukaskatts.

Stefndi, Heflun ehf., gerir hér aðallega kröfu um sýknu af dómkröfum stefnanda, Landsbankans hf., en til vara er krafa um lækkun, en í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Enn fremur höfðar stefnandi, Heflun ehf., síðan mál á hendur stefnda, Landsbankanum hf., með stefnu, birtri þann 17. apríl 2018, og gerir stefnandi, Heflun ehf., þar eftirfarandi dómkröfur á hendur stefnda, Landsbankanum hf.:

Að viðurkennt verði með dómi að lánsamningar SFL 018341, dags. 16. apríl 2007, og SFL 018421, dags. 20. september 2007, feli í sér lán með ólögmati gengistryggingu.

Að stefndi, Landsbankinn hf., verði dæmdur til að greiða stefnanda, Heflun ehf., aðallega 72.826.220 krónur, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. janúar 2015 til 28. desember 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags,

en til vara að stefndi, Landsbankinn hf., verði dæmdur til að greiða stefnanda, Heflun ehf., 63.145.853 krónur, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. janúar 2015 til 28. desember 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags,

og til þrautavara að stefndi, Landsbankinn hf., verði dæmdur til að greiða stefnanda, Heflun ehf., 58.102.687 krónur, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. janúar 2015 til 28. desember 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi Heflun ehf. málskostnaðar úr hendi stefnda, Landsbankans hf. Stefndi, Landsbankinn hf., krefst sýknu af dómkröfum stefnanda, Heflunar ehf., til vara að þær verði lækkaðar og í öllum tilvikum málskostnaðar af stefnanda.

Rétt er að geta þess að framangreind tvö mál voru, 31. maí 2019, sameinuð undir málsnúmeri hins fyrra og verður því hér eftir til einföldunar og hagræðis jafnan vísað til Landsbankans hf. sem stefnanda, en til Heflunar ehf. sem gagnstefnanda, og þá til hins fyrra máls sem málsins í aðalsök, en til hins síðara sem málsins í gagnsök. Ber þá að geta að dómkröfur og aðild málsins hafa tekið breytingum undir rekstri þess.

Ágreiningsefni og málsatvik

Í aðalsök gerir stefnandi greiðslukröfu á hendur gagnstefnanda að fjárhæð 69.479.888 krónur, auk dráttarvaxta, sem að framan greinir, en umræddar kröfur leiðir af tveimur lánessamningum um fjölmyntalán (myntkörfulán) sem Landsbanki Íslands hf. (gamli Landsbankinn) lét gagnstefnanda Heflun ehf. í té. Nánar tiltekið var annars vegar um að ræða lánessamning nr. 8878, dags. 20. júní 2007, að jafnvirði 15.000.000 króna, til fimm ára, en lokagjalddagi lánessamningsins var 1. júní 2012, en hins vegar lánessamning á milli sömu aðila nr. 8876, með sömu dags., að jafnvirði 30.000.000 króna, einnig til fimm ára, en lokagjalddagi þess samnings var 1. júlí 2012. Báðir samningarnir tóku mið af sænskum krónum (30%), svissneskum frönskum (30%) og japönskum jennum (40%), en skilmálum lánanna er nánar lýst í kafla um málsástæður stefnanda. Skilyrði fyrir útborgun lánanna voru þau að bankanum myndi berast beiðni lántaka um slíkt, sem barst 20. júní 2007, og voru þá greiddar út til Heflunar ehf., eftir frádrátt kostnaðar, annars vegar 14.765.000 krónur, en hins vegar 29.540.000 krónur.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands um ólögmati gengistryggðra lána hóf bankinn, þ.e. stefnandi sem hafði tekið við lánnum gamla bankans, endurútreikning slíkra lána, sbr. lög nr. 151/2010, sett í desember það ár, sem fólu í sér breytingar á lögum nr.

38/2001, og fékk gagnstefnandi því send bréf vegna beggja framangreindra lána, bæði dags. 24. ágúst 2011, þar sem kom fram að þessi tvö umræddu lán féllu þar undir, og að eftirstöðvar lánanna hefðu verið endurútreiknaðar m.v. lægstu óverðtryggðu vexti SÍ. Eftirstöðvar lánanna voru þá af láni nr. 8878, m.v. 1. júlí 2011, fyrir endurútreikning 38.723.793 krónur, en eftir hann 21.275.606, en af láni nr. 8876, m.v. 2. ágúst 2011, voru þær fyrir endurútreikning 85.140.722 krónur, en eftir hann 44.878.282 krónur. Í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012, um fullnaðarkvittanir, voru umrædd lán svo enn leiðrétt, þannig að lán nr. 8878, sem stóð þá í 28.195.285 krónum, fór niður í 22.289.956 krónur, og lán nr. 8876, sem stóð þá í 58.486.509 krónum, fór niður í 47.189.932 krónur, sbr. bréf dags 28. mars 2014 um þá leiðréttingu. Voru gagnstefnanda send innheimtubríf vegna ógreiddra eftirstöðva framangreindra lánsamninga 17. september 2014, en dráttarvaxtakrafa stefnanda miðast við mánuð frá dagsetningu innheimtubrífisins. Er mál þetta í aðalsök höfðað af stefnanda 15. maí 2017 þar sem gagnstefnandi hefur ekki greitt kröfuna. Stefnandi hafði áður höfðað mál gegn gagnstefnanda Heflun ehf., 15. janúar 2015, til innheimtu á samningi nr. 8876, er var vísað frá dómi með úrskurði 13. október 2015.

Varnir gagnstefnanda Heflunar ehf. í aðalsök, og þá krafa hans um sýknu af greiðslukröfu stefnanda, og til vara um lækkun, byggjast í fyrsta lagi á því að hann fellst ekki á framangreindan leiðréttan endurútreikning stefnanda á umræddri skuld samkvæmt lánsamningum nr. 8878 og nr. 8876 þar sem stefnandi hafi ekki farið rétt að við meðferð vaxta og stofndag uppgjörskröfu, sbr. 18. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, og kröfufjárhæð stefnanda sé því hærri en réttmæt krafa hans vegna lánanna tveggja.

Hins vegar byggir gagnstefnandi á því að hann eigi gagnkröfur til skuldajafnaðar er séu jafnháar eða hærri en kröfur stefnanda í aðalsök, en málshöfðun gagnstefnanda, dags 17. apríl 2018, í gagnsök, er til marks um þetta. Er þar annars vegar um að ræða kröfu gagnstefnanda á hendur stefnanda um að viðurkennt sé að tveir tilgreindir fjármögnunarleigusamningar á milli aðila, þ.e. SFL 018341, dags. 16. apríl 2007, og SFL 018421, dags 20. september 2007, feli í sér lán með ólögmætri gengistryggingu, en ekki erlend lán eins og stefnandi byggir á, en hins vegar er einnig ágreiningur um uppgjör og endurútreikning á 13 tilgreindum fjármögnunarleigusamningum er gerðir voru á milli gagnstefnanda og SP-fjármögnunar, sem rann síðan inn í stefnanda 6. október 2011, og hvaða verðmat skuli leggja til grundvallar við uppgjör þeirra, en fyrir liggur að þessir 13 samningar hafi verið lán með ólögmætri gengistryggingu, nema þá þeir tveir framangreindu sem ágreiningur stendur um í því tilliti. Byggjast greiðslukröfur gagnstefnanda í gagnsök á hendur stefnanda, þ.e. framangreind aðalkrafa, varakrafa og þrautavarakrafa gagnstefnanda, á því að gagnstefnandi telur endurútreikning, verðmat og uppgjör af hálfu stefnanda á tækjum sem gagnstefnandi fékk á fjármögnunarleigu hjá SP-fjármögnun ekki hafa verið réttmætt, en tækin voru

vörslusvipt eftir riftun við vanskil gagnstefnanda og þau síðan seld af stefnanda við þær aðstæður sem þá voru uppi. Ágreiningur er með málsaðilum um aðferðafræði við endurútreikninginn og um uppgjör þessara samninga. Tækin voru sem fyrr segir tekin úr vörslum gagnstefnanda og stefnandi sendi honum síðan uppgjör vegna samninganna. Gagnstefnandi telur að verðmöt stefnanda á þeim tækjum sem voru andlög samninganna hafi verið of lág og verðmæti eða andvirði tækjanna hafi því ekki komið að fullu til frádráttar eftirstöðvum á skuld stefnanda samkvæmt samningunum. Rétt andvirði tækjanna hafi þannig verið hærra en eftirstöðvar samninganna á vörslusviptingar/uppgjörstigi og stefnandi beri því nú að greiða gagnstefnanda mismuninn þar á. Fyrir liggur að tengdar þessum ágreiningi málsaðila um uppgjör á fjármögnunarleigusamningum hafa verið unnar matsgerð og yfirmatsgerð dómkvaddra matsmanna í málinu. Sættir hafa ítrekað verið reyndar með aðilum, en án árangurs, a.m.k. hvað varðar fyrirliggjandi eftirstandandi ágreining þeirra.

Málsaðstæður og lagarök stefnanda

Stefnandi vísi til þess að greiðslukrafa á hendur gagnstefnanda í aðalsök byggist á skuld gagnstefnanda við stefnanda vegna tveggja lánessamninga er séu enn ógreiddir.

Í fyrsta lagi hafi Landsbanki Íslands hf., kt. 540291-2259, og gagnstefnandi, Heflun ehf., þann 20. júní 2007 gert með sér lánessamning nr. 8878 um fjölmyntalán til fimm ára, upphaflega að jafnvirði 15.000.000 króna í eftirtöldum myntum og hlutföllum: SEK 30%, CHF 30% og JPY 40%. Lánið hafi borið að greiða að fullu á næstu 5 árum með 16 afborgunum á þriggja mánaða fresti, þannig að á fyrstu 15 gjalddögum, hverjum um sig, greiddist 1/60 hluti lánsupphæðar og á lokagjalddaga, 1. júní 2012, greiddust 45/60 hlutar lánsupphæðar. Fyrsti gjalddagi afborgana hafi verið 1. júlí 2008, en vexti þó borið að greiða á þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júlí 2007, sbr. gr. 2.1 í samningnum. Greiðslustaður hafi verið hjá Landsbanka Íslands hf. og hafi lántaki óskað eftir því að reikningur hans nr. 132-26-5004 hjá bankanum yrði skuldfærður fyrir afborgunum og/eða vöxtum, sbr. gr. 2.2 í samningnum.

Lántaki hafi lofað að greiða bankanum vexti, sem skyldu vera breytilegir vextir jafnháir LIBOR-vöxtum í samræmi við lengd vaxtatímabils hverju sinni, auk 1,80% vaxtaálags, sbr. gr. 3.1 í samningnum. Með LIBOR (London Inter Bank Offered Rate) sé átt við vexti á millibankamarkaði í London eins og þeir séu auglýstir kl. 11:00 f.h. að staðartíma í London á BBA-síðu Reuters eða sambærilega vexti eins og þeir birtist á síðu 3750 á Dow Jones Telerate-skjá tveimur virkum dögum fyrir hvert vaxtatímabil. Vextir skyldu reiknast frá útborgunardegi lánsins og greiðast eftir á á gjalddögum. Þeir skyldu greiðast á þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júlí 2007. Skyldi lántaki ekki standa skil á greiðslu vaxta eða afborgunar á gjalddaga bæri honum að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Bankinn

hafi haft um það val hvort krafist væri dráttarvaxta af fjárhæðinni í erlendri mynt eða af skuldinni breyttri í íslenskar krónur, sbr. gr. 7.1 í samningnum. Kæmi til vanefnda af hálfu lántaka á skyldum hans samkvæmt samningnum hafi lántaki skuldbundið sig til að greiða bankanum, auk vaxta og dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, allan kostnað er bankinn legði út vegna vanefndanna, málsóknar eða annarra réttargjalda, lögmannsþóknunar eða öðru sem bankanum bæri að greiða, svo og annan lögfræðilegan kostnað vegna innheimtu alls lánsins, sbr. gr. 2.5 í samningnum.

Skilyrði fyrir útborgun lánsins hafi m.a. verið að bankanum myndi berast beiðni um útborgun. Bankanum hafi borist slík beiðni 20. júní 2007 þar sem gagnstefnandi, Heflun ehf., hafi óskað eftir því að lánið yrði greitt út. Í kjölfarið hafi verið greiddar út 14.765.000 krónur, og þá búið að daga frá kostnað, sbr. gr. 6.1 og 6.2 í samningnum.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggðra lána hafi bankinn hafið endurútreikning lána viðskiptavina sinna í samræmi við ákvæði laga nr. 151/2010 sem m.a. hafi falið í sér breytingar á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, en þann 24. ágúst 2011 hafi gagnstefnanda, Heflun ehf., verið sent bréf þar sem fram kom að Alþingi hefði í desember 2010 samþykkt breytingar á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sem kveðið hafi á um endurútreikning lána með ólögmætri gengistryggingu. Kom fram að það væri mat Landsbankans hf. að lán nr. 8878 kvæði á um slíka gengistryggingu og í samræmi við ákvæði laganna hefðu eftirstöðvar lánsins verið endurútreiknaðar miðað við lægstu óverðtryggðu vexti sem Seðlabanki Íslands hafi birt, sbr. 10. gr. sömu laga. Eftirstöðvar lánsins fyrir endurútreikning hafi verið 38.723.793 krónur og eftir endurútreikning 21.275.606 krónur m.v. 1. júlí 2011.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og nr. 464/2012, þar sem komist hafi verið að því að greiðslukvittanir hefðu jafngilt fullnaðarkvittunum og að endurútreikningur lána hefði átt að taka mið af því, hafi endurútreikningur lánssamnings nr. 8878 verið leiðréttur. Staða lánsins fyrir endurútreikning hafi verið 28.195.285 krónur, en eftir hann 22.289.956 krónur, er sé hluti af stefnufjárhæð. Gagnstefnanda Heflun ehf. hafi verið sent bréf um leiðréttingu endurútreiknings 28. mars 2014 og innheimtubríf 17. september 2014, og sé krafist dráttarvaxta mánuði frá dagsetningu innheimtubrefsins, sbr. 3. mgr. 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, eða frá 17. október 2014.

Í öðru lagi hafi Landsbanki Íslands hf., kt. 540291-2259, og gagnstefnandi Heflun ehf. hinn 20. júní 2007 gert með sér lánssamning nr. 8876 um fjölmyntalán til fimm ára að jafnvirði 30.000.000 króna, í eftirfarandi myntum og hlutföllum: SEK 30%, CHF 30% og JPY 40%. Lánið hafi borið að greiða að fullu á næstu fimm árum með 24 afborgunum á eins mánaðar fresti, svo að á fyrstu 23 gjalddögum, hverjum um sig, greiddist 1/240 hluti lánsupphæðar og á lokagjalddaga 1. júlí 2012 greiddust 217/240 hlutar lánsupphæðar. Fyrsti gjalddagi afborgana hafi verið 1. ágúst 2010. Vexti hafi þó borið að greiða fyrstu þrjú ár lánstímans á þriggja mánaða fresti, í fyrsta

sinn 1. ágúst 2007 og næstu tvö ár lánstímans á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 2010, sbr. gr. 2.1 í samningnum. Greiðslustaður hafi verið hjá Landsbanka Íslands hf. og hafi lántaki óskað eftir því að reikningur hans nr. 132-26-5004 hjá bankanum yrði skuldfærður fyrir afborgunum og/ eða vöxtum, sbr. gr. 2.2 í samningnum. Lántaki hafi lofað að greiða bankanum vexti, sem skyldu vera breytilegir vextir jafnháir LIBOR vöxtum í samræmi við lengd vaxtatímabils hverju sinni, auk 1,95% vaxtaálags, sbr. gr. 3.1 í samningnum. Með LIBOR (London Inter Bank Offered Rate) sé átt við vexti á millibankamarkaði í London eins og þeir séu auglýstir kl. 11:00 f.h. að staðartíma í London á BBA-síðu Reuters eða sambærilega vexti eins og þeir birtust á síðu 3750 á Dow Jones Telerate-skjá tveimur virkum dögum fyrir hvert vaxtatímabil. Vextir skyldu reiknast frá útborgunardegi lánsins og greiðast eftir á á gjalddögum. Þeir skyldu greiðast á þriggja mánaða fresti fyrstu þrjú ár lánstímans, í fyrsta sinn 1. ágúst 2007 og á eins mánaðar fresti næstu tvö ár lánstímans, í fyrsta sinn 1. ágúst 2010, sbr. gr. 3.3 í samningnum. Skyldi lántaki ekki standa skil á greiðslu vaxta eða afborgunar á gjalddaga bæri honum að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Bankinn hafi haft val um hvort krafist væri dráttarvaxta af fjárhæðinni í erlendri mynt eða skuldinni breyttri í íslenskar krónur, sbr. gr. 7.1 í samningnum. Kæmi til vanefnda hjá lántaka á skyldum samkvæmt samningnum hafi lántaki skuldbundið sig til að greiða bankanum, auk vaxta og dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, allan kostnað er bankinn hefði lagt út í vegna vanefndanna, málsóknar eða annarra réttargjalda, lögmannspóknunar eða annars sem bankanum hefði borið að greiða, svo og annan lögfræðikostnað vegna innheimtu alls lánsins, sbr. gr. 2.5 í samningnum.

Skilyrði fyrir útborgun lánsins hafi verið það að bankanum myndi berast beiðni um útborgun. Bankanum hafi borist slík beiðni 20. júní 2007 þar sem gagnstefnandi Heflun ehf. hafi óskað eftir því að lánið yrði greitt út. Í kjölfarið hafi verið greiddar út 29.540.000 krónur, en þá búið að daga frá kostnað, sbr. gr. 6.1 og 6.2 í samningnum.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar um ólögsmæti gengistryggðra lána hafi bankinn hafið endurútreikning lána viðskiptavina sinna í samræmi við ákvæði laga nr. 151/2010 sem m.a. hafi falið í sér breytingar á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, en 24. ágúst 2011 hafi Heflun ehf. verið sent bréf þar sem fram hafi komið að Alþingi hefði í desember 2010 samþykkt breytingar á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sem kveðið hafi á um endurútreikning lána með ólögsmætri gengistryggingu. Hafi þar komið fram að það væri mat Landsbankans hf. að lán nr. 8876 kvæði á um slíka gengistryggingu og í samræmi við ákvæði laganna hafi eftirstöðvar lánsins verið endurútreiknaðar m.v. lægstu óverðtryggðu vexti er Seðlabanki Íslands hafi birt, sbr. 10. gr. sömu laga. Eftirstöðvar lánsins fyrir endurútreikninginn hafi verið 85.140.722 krónur, en eftir hann 44.878.282 krónur, en endurútreikningurinn m.v. 2. ágúst 2011.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og nr. 464/2012 þar sem komist hafi verið að því að greiðslukvittanir hefðu jafngilt fullnaðarkvittunum og endurútreikningur lána hefði átt að taka mið af því hafi endurútreikningur lánessamnings nr. 8876 enn verið leiðréttur. Staða lánsins fyrir endurútreikning hafi verið 58.486.509 krónur en eftir endurútreikning 47.189.932 krónur sem sé hluti stefnufjárhæðar. Gagnstefnanda Heflun ehf. hafi verið sent bréf um leiðréttingu endurútreiknings 28. mars 2014 og innheimtubréf 17. september 2014 og sé krafist dráttarvaxta mánuði frá dagsetningu þess, sbr. 3. mgr. 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 17. október 2014.

Hvað varði aðild stefnanda Landsbankans hf. hafi Fjármálaeftirlitið (FME), með heimild í 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekið þá ákvörðun að ráðstafa eignum og skuldum Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf. Ákvörðun FME um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, til Nýja Landsbanka Íslands hf., kt. 471008-0280, (nú Landsbankinn hf., kt. 471008-0280) sé dagsett 9. október 2008.

Hvað varði síðan gagnkröfur gagnstefnanda í gagnsök málsins þá geri stefnandi verulegar athugasemdir við lýsingu gagnstefnanda sem sé einhliða og hafi að geyma rangfærslur, auk þess sem sleppt sé mikilvægum þáttum er varði efnisatriði málsins, einkum varðandi veruleg vanskil gagnstefnanda á tímabilinu frá útgáfu umræddra fjármögnunarleigusamninga og fram til riftunar þeirra. Aðilar hafi gert með sér fjármögnunarleigusamninga á árunum 2006 og 2007. Hafi þeir verið í samræmi við viðskiptavenju á þeim tíma en margoft hafi verið fjallað um samningsformið fyrir dómstólum ásamt því að fullnustugerðir á grundvelli slíkra samninga hafi farið fram athugasemdalaust. Ekkert hafi gefið ástæðu til að ætla annað en að samningarnir væru lögmætir leigusamningar. Það hafi verið í samræmi við óskir viðskiptavina að leigugreiðslur hafi tekið mið af gengisþróun erlendra gjaldmiðla eða lán verið í erlendum myntum enda vaxtastig þeirra samninga umtalsvert lægra en þeirra er miðast hafi við íslenskar krónur. Það sé svo ekki fyrr en árið 2013 sem dómstólar hafi endanlega kveðið á um að samningarnir teldust lánssamningar, ekki leigusamningar.

Í gagnstefnu sé þess ógetið hvernig greiðslur hafi borist frá gagnstefnanda til stefnanda eftir að samningarnir hafi verið gerðir. Heilt yfir hafi staðan verið sú að greiðslur vegna einstakra gjalddaga hafi jafnan borist eftir eindaga þeirra. Á árinu 2008 hafi samningar gagnstefnanda því jafnan verið í vanskilum en síðasta greiðsla sem borist hafi frá honum hafi verið 8. september 2008 og hafi henni verið ráðstafað til að gera upp vanskil. Ljóst sé að eftir ráðstöfun greiðslunnar hafi vanskil gagnstefnanda enn verið veruleg. Vanskilin samkvæmt samningunum hafi verið umtalsverð áður en efnahagshrun varð í október 2008 og stefnandi hafi því brotið gegn skyldum sínum samkvæmt samningunum með ítrekuðum og viðvarandi vanskilum.

Stefnandi hafi sýnt gagnstefnanda og hagsmunum hans ríkt tillit. Vísist til bréfs gagnstefnanda til stefnanda, dags. 24. nóvember 2008, þar sem tilgreint sé að í ljósi stöðu á verktakamarkaði þurfi að minnka tækjaflotann. Sé tekið fram að gagnstefnandi hafi talið sér fært að greiða ríflega eina milljón á mánuði en engin greiðsla hafi borist stefnanda í framhaldinu. Liggi þá fyrir samskipti aðila frá haustinu 2009 þar sem enn sé verið að leita leiða að finna lausn á stöðu gagnstefnanda. Samkomulag virðist hafa náðst um vissa fasta mánaðarlega greiðslu en slík greiðsla þó aldrei borist stefnanda. Gagnstefnandi hafi boðað að fækka þyrfti verulega tækjum í rekstri hjá honum og því sé ljóst að kröfur gagnstefnanda, sem byggist m.a. á kostnaði við enduröflun allra tækjanna og því að öll tækin væru áfram í rekstri og sköpuðu tekjur, séu fásinna.

Gagnstefnandi hafi haldið áfram að bjóða í verk á árinu 2009 þrátt fyrir að hafa vitað að hann væri í verulegum vanskilum við stefnanda sem hafi heimilað bankanum að grípa til aðgerða. Í ljósi verulegra vanskila gagnstefnanda sé fráleitt að halda því fram að stefnandi hafi brotið samninga aðila með riftun þeirra. Stefnandi horfi því fram hjá eigin gjörðum og verulegum vanskilum um langa hríð. Riftun samninganna hafi verið réttmæt í ljósi verulegra vanskila gagnstefnanda og takmarkaðs greiðslu-vilja hans um langt skeið. Samningum hafi ekki verið rift fyrir en liðið hafi verið um ár frá síðustu greiðslu sem þó hafi ekki gert upp öll vanskil sem legið hafi fyrir á þeim tíma. Gagnstefnandi hafi fram að riftun og fram að skilum á tækjunum áfram haft vörslur þeirra og notað þau í starfsemi sinni. Ljóst sé að verðmæti tækjanna hafi rýrnað verulega á þessum tíma vegna endurgjaldslausrar notkunar gagnstefnanda á þeim.

Við uppgjör hafi verðmat verið fengið frá ótengdum þriðja aðila og umrædd tæki hafi síðan verið seld aðilum sem hafi verið ótengdir stefnanda. Stefnanda hafi borið skylda til að selja umrædd tæki án ástæðulauss dráttar en á þeim tíma hafi verið óvíst hver þróunin yrði á íslenskum verktakamarkaði með tilliti til eftirspurnar eftir vélum og tækjum. Uppgjör hafi því að öllu leyti farið fram í samræmi við samninga aðila og þá skilmála sem samningarnir hafi haft að geyma, sbr. hér eftirfarandi yfirlit:

Samningur	Síðasta greiðsla	1.gjalddagi í vanskilum	Riftun	Uppgjörbréf	Eignfærsla
SFL 004583	8.9.2008	10.7.2008	25.8.2009	18.9.2009	5.10.2009
SFL 004582	8.9.2008	10.7.2008	11.11.2009	20.1.2010	20.1.2010
SFL 004584	8.9.2008	10.7.2008	27.8.2009	12.10.2009	30.10.2009
SFL 005462	8.9.2008	10.7.2008	25.8.2009	27.10.2009	13.11.2009
SFL 006501	8.9.2008	10.6.2008	11.11.2009	12.1.2010	13.1.2010
SFL 006681	8.9.2008	10.6.2008	30.9.2009	13.10.2009	30.10.2009
SFL 009061	8.9.2008	10.7.2008	25.8.2009	15.10.2009	15.10.2009
SFL 018341	8.9.2008	10.7.2008	11.11.2009	24.3.2010	13.4.2010
SFL 018361	8.9.2008	10.7.2008	25.8.2009	18.11.2009	9.12.2009
SFL 018401	27.8.2008	15.6.2008	25.8.2009	25.9.2010	12.10.2009
SFL 018421	8.9.2008	15.7.2008	25.8.2009	25.9.2009	12.10.2009
SFL 025582	8.9.2008	15.7.2008	25.8.2009	5.10.2009	5.10.2009
SKL 006241	8.9.2008	15.7.2008	21.9.2009	24.9.2009	12.10.2009

Með vísan til alls framangreinds sé því alfarið mótmælt að stefnandi hafi ekki hagað starfsemi sinni í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti eða að hann hafi á einhvern hátt brotið gegn 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Ekkert liggi fyrir um að uppgjörum umræddra samninga hafi verið mótmælt. Af gögnum virðist einnig vera ljóst að fjárhagserfiðleikar gagnstefnanda hafi ekkert tengst efnahagshruninu í október 2008. Gögnin sýni verulega erfiða fjárhagsstöðu félagsins þegar á árinu 2007, þegar mikil þensla hafi verið í þjóðfélaginu og kjöraðstæður í rekstri verktakafyrirtækja. Sé litið til skráninga í vanskilaskrá í ársbyrjun 2008 sjáist að félagið hafi verið í umtalsverðum vanskilum. Taprekstur hafði verið viðvarandi hjá gagnstefnanda og eigið fé jafnan neikvætt. Stefnandi hafi tekið saman eftirfarandi yfirlit um lykiltölur úr rekstri gagnstefnanda miðað við ársreikninga félagsins, en ársreikningar gagnstefnanda séu ekki endurskoðaðir og því beri að hafa vissa fyrirvara um það hversu skýra mynd þeir gefi af rekstri og afkomu félagsins á hverjum tíma:

	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Ebitda	52.611.643	4.205.503	29.776.823	35.487.113	-2.076.997	-8.426.833
Afskriftir	-19.418.282	-30.374.562	-34.846.031	-35.367.836	-39.599.795	-36.262.095
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-32.789.033	-15.058.191	-231.124.859	-10.875.848	-6.300.594	-25.597.272
Tekjuskattur	-72.779	9.099.581	18.763.631	0		
Hlutdeild í rekstri dótturfélags	0	-12.909.723	0			
Hagnaður/tap af sölu varanl. rekstarfjárm.				332.179	-1.013.132	9.832.964
Hagnaður/tap	331.549	-45.037.392	-217.430.436	-10.424.392	-48.990.518	-60.453.236
Eigið fé	11.253.078	36.085.516	-243.078.988	23.964.063	-31.064.381	-91.517.617

Gagnstefnandi hafi ekki skilað ársreikningi fyrir 2008. Þá hafi hann í ársreikningi fyrir 2009 farið þá leið að auka stórlega eigið fé vegna fjármögnunarleigusamninga en um þetta vísast til skýringar nr. 8 við ársreikninginn. Þá sé í yfirliti um eigið fé gert sérstakt endurmat sem leiði til þess að eigið fé reynist þar að lokum vera jákvætt.

Gagnstefnandi hafi því ekki verið rekstrarhæft félag um langan tíma og því hafi í raun hvílt sú skylda á stjórn hans að krefjast gjaldprotaskipta á búi félagsins í samræmi við 2. mgr. 64. gr. laga um gjaldprotaskipti, o.fl. þar sem henni hafi mátt vera ljóst um nokkurt skeið að félagið gæti ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína. Fráleitt sé að stefnandi hafi gengið of hart fram vegna vanskila gagnstefnanda. Stefnandi hafi gefið gagnstefnanda mikið svigrúm til að finna lausn á sínum málum og í flestum tilvikum hafi hann sjálfur skilað tækjunum til stefnanda eftir riftun samninganna, án mótmæla. Stefnandi telji að hann hafi á allan hátt staðið rétt að uppgjöri vegna umræddra samninga og því beri að sýkna hann af öllum gagnkröfum gagnstefnanda.

Gagnstefnandi krefjist viðurkenningar á því að samningar SFL 018341 og SFL 018421 feli í sér ólögmetta gengistryggingu. Þessu mótmælir stefnandi enda sé ljóst

að um erlend lán sé að ræða. Þetta komi skýrt fram í bréfum til gagnstefnanda, dags. 4. desember 2014. Þar komi fram, með vísan til dómafordæma, að samningarnir teljist lánsamningar en ekki leigusamningar. Hins vegar sé um erlend lán að ræða þar sem þau hafi verið greidd út í erlendum myntum. Því hafi lánin ekki verið endurútreiknuð.

Varðandi samning SFL 018341 hafi stefnandi (þá SP fjármögnun hf.) millifært kaupverðið beint til seljanda í Danmörku, Peder Sønne A/S í dönskum krónum. Sama eigi við um samning SFL 018421 en þar hafi stefnandi millifært kaupverðið beint til Daimler Chrysler AG, truck store í evrum. Báðir samningarnir eigi það því sammerkt að lánveitingin hafi verið bundin við fjármögnun á ökutæki sem keypt væri erlendis frá og greitt fyrir það í erlendum gjaldmiðli. Hafi stefnandi tekið að sér að millifæra kaupverðið í erlendum gjaldmiðli til seljanda og samningsskuldbindingin verið efnd í erlendum gjaldmiðli. Hæstiréttur Íslands hafi fjallað um sambærileg tilvik í máli nr. 22/2017. Telji stefnandi því ljóst að sýkna beri hann af þessum kröfufið í gagnstefnu.

Gagnstefnandi geri ýmsar athugasemdir við meðferð stefnanda á virðisaukaskatti tengdum samningum aðila. Meðferð á virðisaukaskatti hafi verið í samræmi við venju í viðskiptum og sé því mótmælt að stefnandi hafi á einhvern hátt haft rangt við við leiðréttingu virðisaukaskatts. Ljóst sé og óumdeilt að við kaup á umræddum tækjum hafi stefnandi lagt út fyrir virðisaukaskatti tengdum viðskiptunum sem hafi lækkað upphaflega fjárhæð hvers samnings. Endurgreiðsla þessa virðisaukaskatts hafi verið ætlað að færi fram með því að leigugreiðslurnar bæru virðisaukaskatt. Gagnstefnandi hafi því getað nýtt sér innskatt af leigugreiðslunum á meðan þær hafi verið greiddar.

Þar sem niðurstaða dómstóla hafi orðið sú að um lánsamninga væri að ræða en ekki leigusamninga hafi þurft að huga að uppgjöri á virðisaukaskatti. Ástæðan sé sú að virðisaukaskattur hafi verið reiknaður af leigugreiðslum en ekki af kaupverði samningsandlagsins. Stefnanda hafi borið að innheimta virðisaukaskatt af kaupverði samningsandlagsins og því hafi verið gefnir út reikningar til leigutaka sem tilgreint hafi mismun virðisaukaskatts af kaupverði samningsandlagsins og virðisaukaskatts samkvæmt áður útgefnum reikningum ásamt því að gefinn hafi verið út, ef við átti, greiðsluseðill fyrir áður reikningsfærðum en ógreiddum virðisaukaskatti. Hafi þetta verið í samræmi við verklag sem ákveðið hafi verið í samvinnu við skattyfirvöld.

Gagnstefnanda hafi verið send bréf þar sem gerð hafi verið ítarlega grein fyrir uppgjöri virðisaukaskatts vegna hvers einstaks samnings. Uppgjörum þessum hafi ekki verið mótmælt af hálfu gagnstefnanda. Í ljósi þessa sé því alfarið hafnað að umrætt uppgjör virðisaukaskatts hafi á einhvern hátt verið með óréttmætum hætti.

Ljóst virðist að krafa gagnstefnanda er tengist uppgjöri á umræddum samningum sé fyrnd. Eins og taflan að framan og gögn málsins sýni hafi uppgjör almennt verið kynnt gagnstefnanda á árinu 2009 en engar athugasemdir borist frá honum vegna þessa uppgjors. Í uppgjorsbréfum sem send hafi verið gagnstefnanda komi skýrt fram

hvert verðmat leigumunarins væri er kæmi til frádráttar skuld ásamt því að í bréfunum hafi verið viðvörðun um að bærisk ekki skrifleg athugasemd við uppgjörið og/eða samið yrði um frágang skuldarinnar innan 10 daga frá dagsetningu uppgjörbréfsins yrði skuldin send til löginneimtu. Í skilmálum í fjármögnunar- samningunum sjálfum sé þess þá getið að hafi leigutaki ekki mótmælt mati eða fullnaðaruppgjöri innan sjö daga frá því að honum hafi mátt vera það ljóst skuli litið á það sem samþykkt.

Kröfur gagnstefnanda byggist á því að verðmat stefnanda við uppgjörin hafi verið of lágt og að raunverulegt virði leigumunanna hafi verið hærra. Ljóst sé því að um fjárkröfur sé að ræða vegna þeirra uppgjóra, en það komi ekkert við endurútreikningi á kröfum stefnanda vegna ólögðætrar gengistryggingar í samningunum.

Almennar fjárkröfur fyrnist á fjórum árum samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007 og kröfur gagnstefnanda vegna uppgjóra hafi því verið löngu fyrndar þegar mál þetta hafi verið höfðuð tæpum níu árum eftir að uppgjör samninganna hafi farið fram. Sama eigi við um aðrar fjárkröfur gagnstefnanda er stefnandi telji fallnar niður vegna fyrningar.

Verði ekki fallist á fyrningu sé byggt á því að kröfur gagnstefnanda séu fallnar niður vegna tómlætis. Tæp níu ár hafi liðið frá því að gagnstefnanda hafi verið tilkynnt um uppgjör einstakra samninga og þar til mál þetta hafi verið höfðuð. Gagnstefnanda hafi borið, hefði hann haft athugasemdir við uppgjörin eða endurútreikning, að halda kröfum sínum fram án ástæðulauss dráttar. Það hafi ekki verið gert en dráttur er orðið hafi á málshöfðun gagnstefnanda hafi gert stefnanda erfitt um vik að afla nauðsynlegra gagna og taka til varna. Stefnandi telji því ljóst að allar kröfur gagnstefnanda, hvort sem þær tengist uppgjöri tengdu þeim tækjum er skilað hafi verið eða samningunum almennt, séu fallnar niður vegna tómlætis hans við að halda fram meintum rétti sínum.

Verði málsástæðum sem varði fyrningu krafna gagnstefnanda eða það að hann hafi sýnt af sér tómlæti hafnað sé á því byggt að stefnandi hafi í öllum tilvikum hagað sér með réttmætum hætti gagnvart gagnstefnanda við umrætt uppgjör samninganna.

Stefnandi geri athugasemdir við þær forsendur sem gagnstefnandi gefi sér við útreikning á dómkröfum sínum. Skýrt liggir fyrir í málsgögnum hvernig að uppgjöri hafi verið staðið af hálfu stefnanda sem og hvaða fjárhæðir hafi legið til grundvallar útreikningum en það hafi í öllum tilvikum verið í samræmi við samningsskilmálana.

Stefnandi hafni alfarið þeirri aðferðafræði sem gagnstefnandi beiti við verðmat umræddra tækja. Í fyrsta lagi þá sé enginn grundvöllur til annars en að líta til þess hver staðan á markaði með sölu atvinnutækja hafi verið á þeim tíma sem uppgjör og sala tækjanna hafi farið fram. Stefnandi hafi engin önnur úrræði haft en að leita verðmats óháðs þriðja aðila og síðan selja tækin til ótengdra aðila. Ekki hafi verið hægt að búast við því að stefnandi myndi eiga tækin áfram með tilheyrandi kostnaði í þeirri von að aðstæður á markaði bötnuðu, sem ekkert hafi þá bent til að myndi gerast. Í öðru lagi, en þessu tengt, þá telji gagnstefnandi að miða eigi við nývirði tækis og

gengisskráningu á riftunardegi og reikna svo afföll af þeirri fjárhæð. Augljós galli sé á þessari nálgun sem auk þess að líta ekki til ástands viðkomandi tækis miði við gengisskráningu er taki tillit til þeirra markaðsaðstæðna sem gagnstefnandi telji sjálfur að eigi að horfa fram hjá við uppgjör. Gengisskráning íslensku krónunnar miðist við aðstæður á markaði og sé því sú aðferðafræði er gagnstefnandi beiti markleysa með öllu. Tölur þær sem gagnstefnandi vilji leggja til grundvallar séu jafnan tilbúningur einn og verðmat hans sé í nokkrum tilvikum hærra en kaupverð nokkrum árum áður. Ekki sé heldur tekið tillit til ástands tækis og nauðsynlegra viðgerða. Ljóst sé að þessi nálgun hafi engin tengsl við raunverulegt markaðsverð tækjanna. Eini raunhæfi mælikvarðinn sé mat óháðs þriðja aðila á þeim tíma sem uppgjörið hafi átt sér stað.

Gagnstefnandi hafi byggt á því að markaðsaðstæður hafi verið óvenjulegar vegna mikils framboðs tækja á þeim tíma sem riftun umræddra samninga hafi átt sér stað. Með vísan til þessa sé þá einnig ljóst að gagnstefnandi ætti að hafa átt auðvelt með að kaupa ný tæki á því markaðsverði sem þá hafi verið í boði, sérstaklega í ljósi þess að gagnstefnandi hafði þá ekki greitt af fjármögnunarsamningum í langan tíma.

Með hliðsjón af framansögðu sé því alfarið hafnað af hálfu stefnanda að nokkur skilyrði séu til þess að beita ógildingarreglum samningalaga vegna samninga aðila.

Byggt sé á reglum samninga og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styðjist við lög nr. 38/2001. Þá vísist til laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, en krafa um virðisaukaskatt sé reist á lögum nr. 50/1988. Um varnarþing vísist til skilmála samninga sem og til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök gagnstefnanda

Varðandi varnir í aðalsök vísi gagnstefnandi til þess að óumdeilt sé að báðir samningarnir hafi falið í sér lán með ólögmati gengistryggingu. Um endurútreikning slíkra samninga fari eftir dómum Hæstaréttar í málum nr. 471/2010 og nr. 464/2012. Samkvæmt þeim fyrri verði að líta fram hjá ákvæðum samnings um vaxtahæð. Þar sem í samningi aðila hafi verið ákvæði um vaxtahæð, er samkvæmt framansögðu yrði ekki beitt, svari atvik til þess að samið hafi verið um það að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir vextir væru. Samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu skyldu vextir þegar svo stæði á vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands (SÍ) ákvæði með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum, almennum, óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir væru samkvæmt 10. gr. laganna. Í síðari dómi sínum hafi Hæstiréttur fallist á réttmæti þeirrar aðferðafræði við endurútreikning lánsins að afborganir af höfuðstól skuldar kæmu að fullu til frádráttar höfuðstól lánsfjárhæðarinnar, sem hvorki bæri

gengistryggingu né annars konar verðbætur, og að fjárhæð greiddra vaxta hefði engin áhrif þar á, enda teldust þeir að fullu greiddir vegna hvers greidds vaxtatímabils.

Gagnstefnandi byggir á því að stefnandi hafi ekki endurútreiknað lán Heflunar ehf. í samræmi við ofangreint. Í fyrirliggjandi endurútreikningi stefnanda, í tilkynningu stefnanda um endurútreikning og í svonefndum forsendum endurútreiknings, sé blandað saman höfuðstól lánsins og áföllnum vöxtum. Sé það ekki í samræmi við framangreind fordæmi Hæstaréttar og sé endurútreikningnum mótmælt sem röngum.

Greitt hafi verið af samningi nr. 8878 til og með gjalddaga þann 1. október 2008. Samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 464/2012 hafi borið að draga frá höfuðstól greiddar afborganir. Þá hafi stefnandi í endurútreikningi dregið frá höfuðstól önnur gjöld. Í samræmi við ofangreint reiknist eftirstöðvar höfuðstóls láns nr. 8878 svo:

Upphafleg fjárhæð		kr. 15.000.000
Afborgun	4.7.2008	kr. - 364.422
Afborgun	1.10.2008	kr.- 467.945
Gjöld fyrir	1.9.2008	kr. - 4.920
Gjöld eftir	1.9.2008	kr. - 820
Eftirstöðvar höfuðstóls		kr. 14.161.893

Greitt hafi verið af samningi nr. 8876 til og með gjalddaga þann 1. september 2008. Engar afborganir hafi verið greiddar af höfuðstól, en frá höfuðstól dragist einnig gjöld í samræmi við endurútreikning stefnanda. Í samræmi við ofangreint reiknist eftirstöðvar höfuðstóls láns nr. 8876 eftirfarandi:

Upphafleg fjárhæð		kr. 30.000.000
Gjöld fyrir	1.9.2008	kr. -4.100
Eftirstöðvar höfuðstóls		kr. 29.995.900

Ekkert hafi verið greitt af höfuðstól lánsins en frá því dragist greiddur vanskilakostnaður og gjöld í samræmi við endurútreikning stefnanda.

Á því sé byggt að ofangreindar fjárhæðir, 14.161.893 krónur vegna láns nr. 8878 og 29.995.900 krónur vegna láns nr. 8876, eða samtals 44.157.793 krónur, séu rétt reiknaðar eftirstöðvar höfuðstóls beggja lánanna.

Samkvæmt dómafordæmum Hæstaréttar, sbr. dóm í máli nr. 471/2010, beri skuld gagnstefnanda við stefnanda vexti jafnháa vöxtum sem SÍ ákveði með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum, almennum, óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir séu samkvæmt 10. gr. laga nr. 38/2001, í samræmi við 4. gr., sbr. 3. gr., laganna.

Á því sé byggt að krafa stefnanda um vexti sé fyrnd. Krafa um vexti fyrnist á fjórum árum, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Lokagjalddagi sammings aðila hafi verið 1. júlí 2012. Í réttarsambandi aðila sé engin heimild til þess að reikna sammingsvexti á höfuðstól skuldar eftir gjalddaga sammingsins og stefnandi hafi ekki fært fram nein rök fyrir því að eftir það tímamark sé honum heimilt að reikna sammingsvexti á

höfuðstól lánsins. Áfallnir samningsvextir fyrir það tímamark séu fyrndir, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Verði ekki fallist á þetta sé á því byggt að áfallnir vextir meira en fjórum árum fyrir málshöfðun séu niðurfallnir vegna fyrningar og að gagnstefnandi verði ekki dæmdur til að greiða hærri vexti en er nemi vöxtum, sbr. 4. gr., sbr. 3. gr., vaxtalaga, frá 15. maí 2013 til upphafstíma dráttarvaxta. Gagnstefnandi mótmæli þá dráttarvaxtakröfu stefnanda sem krefjist dráttarvaxta að hluta til af fyrndum kröfum.

Stefnandi sé fjármálafyrirtæki Í 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sé háttarnisregla fyrir fjármálafyrirtæki. Skuli fjármálafyrirtæki starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið hafi í samræmi við 2. mgr. sömu gr. sett reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir fjármálafyrirtækja, sbr. reglur nr. 670/2013 og reglur nr. 672/2017.

Stefnandi hafi með kröfugerð sinni, sem sé langt umfram réttmæta kröfu, krafið gagnstefnanda um greiðslu umfram skyldu. Upplýsingar um kröfuna hafi verið settar fram með misvísandi og blekkjandi hætti, m.a. hafi stefnandi haldið fram kröfu sem sé að hluta til fyrnd. Með hliðsjón af þessu og háttarnisskyldu stefnanda sé þess krafist að dráttarvextir verði ekki dæmdir nema frá dómsuppsögu. En verði ekki fallist á það sé þess krafist að upphafstími dráttarvaxta miðist við málshöfðun þann 15. maí 2017.

Þá byggir gagnstefnandi kröfu um sýknu á því að gagnstefnandi Heflun ehf. eigi einnig kröfu til skuldajafnaðar er sé a.m.k. jafnhá kröfu stefnanda, sbr. hér í gagnsök.

Gagnkrafa Heflunar sé tilkomin vegna uppgjors á fjármögnunarleigusamningum sem félagið hafi gert við SP fjármögnun hf., en 6. október 2011 hafi SP fjármögnun sameinast stefnanda, Landsbankanum hf. Gagnkrafa gagnstefnanda byggist á því að hann hafi átt inneign samkvæmt samningunum við uppgjör þeirra árin 2009 og 2010. Verðmat stefnanda á tækjum sem verið hafi andlög samninganna hafi verið of lágt og gagnstefnandi eigi því nú kröfu á stefnanda vegna mismunar á verðmötunum og á raunverulegu markaðsvirði tækjanna að frádregnum hugsanlegum eftirstöðvum lána.

Árin 2006 og 2007 hafi Heflun ehf. gert nokkra fjármögnunar- og kaupleigusamninga við SP fjármögnun hf. vegna kaupa Heflunar ehf. á tækjum og vélum fyrir starfsemina. Hafi verið um samið að í lok samningstímans myndi Heflun eignast tækin gegn greiðslu lokagjalds sem hafi verið um 3% af upprunalegri lánsfjárhæð. Í öllum tilvikum hafi verið um að ræða lán er reynst hafi vera með ólögmætri gengistryggingu.

Við fall íslensku krónunnar sumarið 2008 og íslenska fjármálakerfisins haustið 2008 hafi afborganir af samningunum hækkað margfalt og gagnstefnanda orðið ómögulegt að standa skil á umkröfðum afborgunum og vöxtum. Heflun ehf. hafi þá gert sitt ýtrasta til að ná samkomulagi við stefnanda um uppgjör svo félagið hefði rekstrargrundvöll en stefnandi hafi hafnað öllum samningum og vörslusvipt tækin. Með þessu hafi fótunum verið kippt undan rekstri gagnstefnanda sem bæði hafi misst verkefni sem hann hafi haft með höndum auk þess sem honum hafi verið gert ókleift

að afla sér nýrra verkefna enda þá tækjalaus. Hafi gagnstefnandi þá verið útilokaður frá útboðum á vegum opinberra aðila og sé enn vegna meintrar skuldar við stefnanda.

Stefnandi hafi endurreiknað umrædd lán tvisvar. Eftir að stefnandi hafi verið gerður afturreka með fyrri endurútreikning lánanna hafi hann sent nýjan útreikning með tölvupósti, 30. desember 2014. Hafi þá legið fyrir endanleg krafa stefnanda vegna samninganna og þá fyrst hafi gagnstefnandi öðlast möguleika til kröfugerðar á hendur stefnanda því þá hafi legið fyrir tjón gagnstefnanda. Við endurútreikning lánanna hafi verðmötum stefnanda enn verið mótmælt sem of lágum. Í kjölfarið, haustið 2015 og fram til loka sumars 2016, hafi farið fram viðræður á milli aðila, sem ekki hafi leitt ágreininginn til lykta. Eftir standi ágreiningur um þá samninga sem stefnandi hafi ekki viðurkennt sem ólögmæt gengistryggð lán og aðferðafræði við uppgjör vegna þeirra tækja sem tekin hafi verið úr vörslum gagnstefnanda og tjón er stefnandi hafi valdið.

Við síðari endurútreikning lánanna hafi síðan verið miðað við annað og enn lægra verðmat af hálfu stefnanda. Engin haldbær skýring hafi verið gefin á því hvers vegna verðmatið hafi lækkað. Skýring kann að hluta að liggja í reiknikúnstum bankans við uppgjör á virðisaukaskatti. Gagnstefnandi hafni því að stefnandi geti þannig velt tjóni vegna þess samningsforms sem stefnandi hafi sjálfur samið yfir á gagnstefnanda.

Gagnstefnandi krefjist sérstaklega viðurkenningar á því að tveir lánsamningar aðila séu bundnir ólögmætri gengistryggingu, þ.e. samningar SFL 018341 og SFL 018421. Samningur SFL 018341 sé dags 16.4.2007, en fyrsti vaxtadagur sé 10.9.2007 og fyrsti gjaldldagi 10.10.2007. Lánsfjárhæðin hafi verið 4.606.539 krónur. Andlag samningsins hafi verið Benz Actros-vörubíll, með skráningarnúmerið UX-315. Samningsverðið sé tilgreint „ISK 1.350.000, SP5 49.326 (samtals 5.956.539)“. Hins vegar sé um að ræða samning SFL 018421, dags. 20.9.2007, að fjárhæð 8.000.000 króna. Andlag samnings hafi verið Scania 124 vörubifreið, árgerð 2003, DZ-V57. Samningsverðið sé tilgreint ISK 2.000.000, CHF 74.655 og JPY 7.350.239. Staðlaðir samningsskilmálar beggja framangreindra samninga hafi verið samhljóða. Ekki sé nú ágreiningur um að hér sé um að ræða lán sem færð hafi verið í búning leigusamninga.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 38/2001 gildi ákvæði kaflans um skuldbindingar sem varði sparifé og lánsfé í íslenskum krónum þar sem skuldari lofi að greiða peninga og þar sem umsamið eða áskilið sé að greiðslurnar skuli verðtryggðar. Samkvæmt þágildandi 14. gr. laganna sé óheimilt að binda skuldbindingar við gengisvísitölu.

Samkvæmt dómafordæmum Hæstaréttar skuli við úrlausn þess hvort um sé að ræða gilt lán í erlendum gjaldmiðlum eða ólögmætt gengistryggt lán í íslenskum krónum einkum litið til forms og meginefnis þeirra gerninga sem liggja til grundvallar skuldbindingunni, en einungis þar sem efni samningsskilmálanna sé ekki ljóst verði að líta til gagna um framkvæmd og efndir samningsins. Eftir orðalagi 13. gr. laga nr. 38/2001 beri fyrst og fremst að líta til þess hvernig skuldbinding skuldara sé orðuð.

Engum vafa sé hér undirorpið að samningarnir séu gengistryggðir samkvæmt efni sínu. Í fyrsta lagi segi í B-lið IV. kafla skilmála samninganna: „Leigugjald er gengistryggt m.v. breytingar erlends gjaldmiðils eða á samsettum gjaldmiðlum (tilgreindum í C.) gagnvart íslenskri krónu.“ Í C-lið segi í samningi SFL 18421: „Erlendur gjaldmiðill CHF 50% JPY 50%“ og í SFL 018341: „Erlendur gjaldmiðill SP5“. Í öðru lagi segi í 4.gr. samningsskilmála að í B-lið IV. kafla komi fram hvort leigugjald sé gengistryggt að hluta eða að öllu leyti. Segir svo að einstakar leigugreiðslur taki breytingum til hækkunar eða lækkunar miðað við sölugengi hins erlenda gjaldmiðils. Hafi samningurinn verið í erlendum myntum taki leigugreiðslur ekki breytingum enda ákveðnar í hinum erlenda gjaldmiðli. Enn fremur sé í því ákvæði eingöngu talað um að samningurinn sé gengistryggður en ekki að um sé að ræða lán í erlendum myntum. Í þriðja lagi verði við túlkun samningsins að taka mið af því að samningurinn sé saminn einhliða af stefnanda, sem sé fjármálafyrirtæki er beri tiltekna skyldur að lögum, sbr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Ef stefnandi hugðist lána í erlendum gjaldmiðli hafi það verið hans að hafa ákvæði samningsins skýrt í þá veru. Stefnandi hafi hins vegar ákveðið að búa lán til gagnstefnanda í form leigusamnings til að komast hjá bannákvæði 14. gr. laga um vexti og verðtryggingu. Stefnandi hafi því verið ljóst að samningurinn færi á svig við það ákvæði og túlka beri samningana með hliðsjón af því. Í fjórða lagi sé tilgreint í báðum samningum að gagnstefnandi (skuldari) efni skuldbindingu sína í íslenskum krónum. Skuldbinding skuldara, þ.e. greiðslur hans, séu tilgreindar í íslenskum krónum. Samkvæmt orðalagi 13. gr., sbr. 14. gr., sé óheimilt að binda skuldbindingar þar sem skuldari lofi að greiða í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Í fimmta lagi liggja fyrir að stefnandi hafi ekki efnt samninginn fyrir sitt leyti með útgreiðslu til stefnanda í japönskum jenum og svissneskum frönskum. Það sé í mótsögn við þá staðhæfingu að um sé að ræða lán í erlendri mynt.

Hvað varði samning SFL 018341 sérstaklega þá beri samningurinn skýrlega með sér að hann sé gengistryggður. Fjárhæðin sé tilgreind í íslenskum krónum og SP5 sé myntkarfa eða gengisvístala er stefnandi hafi sett saman og reiknað út. Eini tilgangur hafi verið að gengistryggja samningana sem stefnandi hafi gert. Þá sé samningur SFL 18421 á engan hátt frábrugðinn að formi til samningum SFL 018401, SFL 025582 og SFL 018361, sem stefnandi hafi viðurkennt að feli í sér ólögmæta gengistryggingu. Heflun ehf., sem viðskiptavinur fjármálafyrirtækis, hafi mátt treysta því að hann væri ekki frábrugðinn að efni til, enda skuldbinding hans sú sama í báðum tilvikum, og greidd í íslenskum krónum. Skuldbinding skuldara skipti höfuðmáli við túlkun á því hvort samningar feli í sér ólögmæta gengistryggingu, sbr. 13. gr. laga nr. 38/2001.

Vegna beggja samninganna hafi stefnandi sent gagnstefnanda bréf um uppgjör á fjármögnunarleigusamningi og þar hafi fjárhæðirnar eingöngu verið tilgreindar í

íslenskum krónum og samkvæmt samningunum sé gert ráð fyrir að skuldarinn efni skuldbindingu sína í íslenskum krónum. Sé því ljóst af ákvæðum samninganna að þeir séu gengistryggðir og feli í sér ólögmæt lán í andstöðu við ákvæði 13. og 14. gr. laga um vexti og verðtryggingu og að stefnanda beri því að endurreikna samningana.

Málsástæður fyrir fjárkröfum gagnstefnanda taki aðallega mið af efndabótum, þannig að gagnstefnandi verði eins settur og ef stefnandi hefði efnt samningana eftir efni sínu og ekki þvingað fram afhendingu tækja með hótun um vörslusviptingu. Samningarnir hafi verið lánssamningar sem stefnandi hafi kosið að klæða í búning leigusamninga, þar sem trygging hafi verið í formi eignarhalds á andlagi samningsins. Á samningstíma hafi eignarhlutur gagnstefnanda vaxið uns eignarréttur hafi að fullu færst til við lok samnings, gegn endurgjaldi, sem ekki endurspeglar verðmæti tækisins.

Stefnandi hafi brotið samninga aðila með því að lýsa yfir riftun þeirra og taka svo andlögin í sínar vörslur án þess að fyrir hendi væru skilyrði til þessa. Stefnandi hafi slitið gagnkvæmu samningssambandi án réttmætrar ástæðu og verði uppgjör aðila að taka mið af því. Eigi stefnandi rétt til efndabóta þannig að hann verði eins settur og samningur aðila hafi verið réttilega efndur. Stefnandi hafi brotið samninga aðila þegar hann vissi eða hefði mátt vita að ástæður væru ekki fyrir hendi er heimiluðu riftun þeirra. Stefnandi hafi ekki sinnt tillitsskyldu sinni í gagnkvæmu samningssambandi.

Sem fjármálafyrirtæki hafi stefnandi mátt vita að samningar aðila, sem hann hafi samið einhliða, höfðu að geyma ólögmæta gengistryggingu. Fjármálafyrirtækjum hafi verið kunnugt um það allt frá aldamótum að lán í íslenskum krónum tengd við gengi erlendra gjaldmiðla væru í andstöðu við ákvæði laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Engu að síður hafi stefnandi gert kröfu á hendur gagnstefnanda sem numið hafi margföldum réttmætum eftirstöðvum skulda hans. Á grundvelli meintra vanefnda við aðstæður þar sem stefnandi hafi krafist afborgana langt umfram réttmæta kröfu hafi stefnandi slitið gagnkvæmu samningssambandi aðila án þess að lagaskilyrði væru fyrir hendi. Samkvæmt verðmötum stefnanda sjálfs hafi verðmæti tækjanna að baki verið mun hærra en réttmætar eftirstöðvar samninganna. Þar sem gagnstefnandi hafi ekki verið hinn brotlegi í samningssambandi aðila, heldur stefnandi, fari uppgjör ekki fram eftir samningnum heldur á grunni reglna um vanefndir, hér vanefnda stefnanda.

Stefnanda hafi borið sem aðila í gagnkvæmu samningssambandi við gagnstefnanda að taka hæfilegt tillit til gagnaðilans. Gagnstefnandi hafi sýnt vilja til að leysa úr ágreiningi aðila og stöðu er upp hafi verið komin með sem hagkvæmustum hætti fyrir báða, sbr. bréf gagnstefnanda, dags. 24. nóvember 2008, og samskipti aðila árið 2009. En í stað þess að sinna tillitsskyldu hafi stefnandi gengið hart fram með því að lýsa yfir riftun á samningunum, halda fram röngum útreikningum krafna og vörslusvipta gagnstefnanda tækjunum þótt stefnandi hafi vitað eða mátt vita um ólögmæti þeirra samninga er hann hafi byggt kröfur sínar á og að skuldin væri margfalt lægri en hann

hefði haldið fram. Með þessu hafi bankinn kippt fótunum undan rekstri gagnstefnanda, en félagið hafi ekki getað sinnt verkefnum án þess að hafa nauðsynleg tæki.

Með ofangreindri háttsemi séu forsendur fyrir aðferðafræði stefnanda og uppgjöri á þeim grunni brostnar. Það fái ekki staðist að við þessar aðstæður geti stefnandi leyst til sín tæki er háð séu eignarrétti gagnstefnanda á undirverði. Stefnandi geti við þessar aðstæður ekki öðlast betri rétt en ella á hendur gagnstefnanda með röngum uppgjörum og þannig hagnast á slíkri háttsemi sinni. Við uppgjör verði nú að leggja til grundvallar að gagnstefnandi verði eins settur og samningar aðila hefðu verið réttilega efndir.

Stefnandi hafi haldið fram kröfum sem byggðar hafi verið á svimandi háu gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslenskri krónu á sama tíma og hann byggi verðmöt sín á sérstökum og óvenjulegum aðstæðum á innanlandsmarkaði, sem stefnandi hafi sjálfur átt þátt í að skapa. Verðmyndun á vinnuvélum ráðist, við venjulegar aðstæður, fyrst og fremst af innkaupsverði nýrra tækja, er að jafnaði sé í evrum. Endursöluverð tækjanna, sem reiknist sem hlutfall af nývirði tækjanna, hefði því átt að hækka í takt við hækkandi gengi á evru gagnvart krónu. En verðmöt stefnanda hafi ekki tekið mið af slíku heldur byggð á hrakvirði sem ekki hafi endurspeglad raunverulegt verðmæti.

Í fyrsta lagi sé því krafa um að stefnandi greiði gagnstefnanda enduröflunarverð þeirra tækja er tekin hafi verið þannig úr vörslum gagnstefnanda. Gagnstefnandi eigi að verða eins settur og samningur aðila hefði verið réttilega efndur og tjón hans sé kostnaður við að afla tækjanna á nýjan leik, að frádregnum eftirstöðvum lánsamninga aðila. En verði ekki fallist á enduröflunarvirði sé a.m.k. gerð krafa um mismuni á réttu andvirði tækjanna og eftirstöðvum umræddra samninga. Þá að stefnandi eigi, við þessar aðstæður, ekki rétt til vaxta á lánsfjárhæðina eftir að tækin höfðu verið tekin úr vörslum gagnstefnanda, að minnsta kosti ekki á þeim grunni sem hann leggi upp með. Stefnandi geti ekki byggt á samningi sem hann ekki hafi efnt fyrir sitt leyti.

Verði ekki fallist á rétt til efndabóta sé á því byggt að stefnandi hafi bakað sér skaðabótaskyldu með því að valda gagnstefnanda tjóni með saknæmum hætti. Við mat á saknæmi verði að líta til þess að stefnandi hafi brotið gegn 19. gr. laga nr. 161/2002. Stefnandi, er hafi vitað eða mátt vita, um ólögætti gengistryggingar í samningunum hafi nýtt sér aðstæður til að sölsa undir sig tæki á undirvirði og selja áfram með hagnaði. Samkvæmt verðmötum stefnanda sjálfs hafi andvirðið numið um 116 milljónum króna en við uppgjör hafi aðeins 82 milljónir króna komið til frádráttar.

Umræddir samningar aðila séu í raun lánsamningar sem stefnandi hafi fært í búning fjármögnunarleigusamninga. Á samningstíma hafi eignarhlutur gagnstefnanda vaxið í samningsandlaginu. Við uppgjör eigi hann því rétt til markaðsvirðis tækjanna að frádregnum eftirstöðvum lána. Þetta verði m.a. leitt af ákvæðum samninganna sjálfra. Með uppgjöri sínu hafi stefnandi þannig valdið gagnstefnanda tjóni sem nemi raunverulegu markaðsvirði tækjanna að frádregnum eftirstöðvum samninganna.

Háttsemi stefnanda sé saknæm þar sem hún brjóti gegn skyldum félagsins sem fjármálafyrirtækis, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um hátternisskyldur stefnda.

Í fyrsta lagi verði að líta til þess að samningar aðila hafi haft að geyma ólögmeta gengistryggingu. Riftunaryfirlýsingar stefnanda og kröfur um vörslusviptingu tækja hafi þannig byggst á fjárhæðum sem ekki hafi endurspeglad réttmætar kröfur hans. Hafi stefnandi fyrst haldið fram að skuldir gagnstefnanda væru rúmlega 236 milljónir króna þegar eftirstöðvar samninga hafi verið nær 90 milljónir króna. Stefnandi geti ekki borið fyrir sig uppgjörssákvæði samninganna eins og þau séu, með einhliða mati á verðmæti tækja, þegar hann hafi verið grandsamur um ólögmeti samninganna. Stefnandi hafi þannig nýtt sér yfirburðstöðu sína og samningsskilmála sem hann hafi samið einhliða til að knýja fram uppgjör sem sé ósanngjarnt í garð gagnstefnanda.

Endanleg niðurstaða af hálfu bankans um kröfur samkvæmt samningunum hafi ekki legið fyrir fyrr en rúmum fimm árum eftir að vörslusvipting hafi átt sér stað eða í desember 2014. Stefnandi verði að bera ábyrgð á þeim vinnubrögðum við meðferð samninganna og uppgjöri krafna. Vísist þá til framsetningar á útblásnum kröfum, í öðru lagi til óútskýrðra reiknikúnsta við útreikning á andvirði tækja, sem hafi verið mun lægra en verðmöt bankans sjálfs við uppgjör, í þriðja lagi til lækkunar á andvirði tækja sem komið hafi til frádráttar við endurútreikning, þegar hann loks hafi legið fyrir, og í fjórða lagi tilrauna stefnanda til að velja tjóni sínu vegna virðisaukaskatts vegna samningsforms stefnanda yfir á gagnstefnanda. Vinnubrögð stefnanda séu á engan hátt samrýmanleg skyldum hans sem fjármálafyrirtækis og hvort sem þau stafa af gáleysi eða ásetningi hafi stefnanda borið að bæta gagnstefnanda tjónið er af leiddi.

Á sama tíma og eftirspurn með vinnuvélar hafi verið í lágmarki á markaði vegna efnahagsástandsins í kjölfar hrunsins hafi framboð slíkra véla verið langt umfram það er hafi verið eðlilegt, m.a. vegna athafna stefnanda og annarra aðila á lánamarkaði. Stefnandi og fyrirtæki á fjármálamarkaði hafi gengið hart fram í vörslusviptingum á grundvelli ólögmetra gengistryggðra lána. Þessi tæki hafi síðan verið sett í endursölu. Þannig hafi skapast mikið ójafnvægi á markaði þar sem eftirspurn hafi verið í lágmarki en framborð í hámarki. Ekki hafi því verið um að ræða eðlilega verðmyndun á þeim tíma. Uppgjör geti því ekki byggst á einhliða verðmæti stefnanda við slíkar aðstæður.

Við endanlegt verðmat stefnanda við endurreikning í október 2014, sem kynnt hafi verið gagnstefnanda í desember það ár, hafi verið í gildi reglur fjármálaeftirlitsins nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Stefnandi hafi einhliða og án ástæðu eða skýringa lækkað fyrra verðmat sitt gagnstefnanda til tjóns. Stefnandi hafi með engu móti útskýrt það hvers vegna verðmat hans við uppgjör sé lægra en verðmat sem hann hafi sjálfur aflað og hvers vegna frádráttur vegna tækja hafi enn lækkað við endanlegt uppgjör aðila í desember 2014. Stefnandi hafi þó borið það fyrir sig að hluti mismunarins felist í uppgjöri virðisaukaskatts en hafna verði þeim skýringum hans.

Stefnandi hafi lánað gagnstefnanda fyrir kaupverði tækja að frátöldum virðisaukaskatti. Stefnandi hafi síðan ætlað að ná þeim skatti til baka með virðisaukaskatti á leigugreiðslur. Þá dæmt hafi verið að samningarnir væru lán en ekki leigusamningar hafi stefnanda verið óheimilt að leggja virðisaukaskatt á afborganir. Engu að síður hafi stefnandi þó krafist gagnstefnanda án nokkurs samningsgrundvallar, um eftirstöðvar skattsins. Stefnandi geti ekki velt yfir á gagnstefnanda því tjóni sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna þess búnings er hann hafi búið lánsamninga aðila í. Gagnstefnandi hefði, ef stefnandi hefði gegnið rétt frá samningunum, getað nýtt sér greiddan virðisaukaskatt af tækjunum til innskatts en hafi ekki þá möguleika nú. Það standi stefnanda nær, sem fjármálafyrirtæki og þeim aðila sem búið hafi til samningsformið, að bera nú þennan kostnað, enda hefði hann vel getað búið þannig um hnútana að lána gagnstefnanda allt kaupverðið og að meðtöldum virðisaukaskatti.

Samningar aðila séu einhliða samdir af stefnanda er sé fjármálastofnun og á hvíli sérstök skylda til að búa svo um hnúta að uppgjör fari fram með sanngjörnum og skýrum hætti. Ákvæði samninganna um uppgjör verði að túlka gagnstefnanda í hag.

Við uppgjör hafi átt að leggja til grundvallar raunverulegt virði tækja. Einhliða verðmöt stefnanda endurspegli ekki raunverulegt verðmæti. Gagnstefnandi hafi lagt fram verðmöt umboðsaðila sem best þekki endursöluvirði og markaðsvirði tækjanna.

Ef ekki verður fallist á framangreint sé byggt á því að víkja beri uppgjörskvæði samninganna til hliðar á grunni 36. gr. laga nr. 7/1936 og miða uppgjörið við verðmöt þau sem gagnstefnandi hafi nú aflað og endurspegli raunverulegt verðmæti tækjanna.

Byggt sé á 36. gr. laga nr. 7/1936 um það að ósanngjarnt sé og andstætt góðri viðskiptavenju að bera samninga aðila fyrir sig og að víkja verði til hliðar ákvæðum þeirra að hluta. Verði þá litið til efnis samnings, stöðu samningsaðila og atvika sem síðar komu til. Verði þá að líta til þess að samningar aðila hafi verið samdir einhliða af stefnanda. Krafa stefnanda um riftun og vörslusviptingu hafi byggst á upphæðum sem ekki hafi endurspeglad réttar fjárhæðir. Það sé ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju og skyldum stefnda sem fjármálafyrirtækis að bera fyrir sig uppgjörskvæði samninganna við slíkar aðstæður. Þá beri að líta til þess að gagnstefnandi sé verktakafyrirtæki en stefnandi fjármálafyrirtæki sem beri skyldur. Stefnandi hafi nýtt sér yfirburðastöðu og samningsskilmála sem hann hafi samið einhliða til að knýja fram ósanngjarnt uppgjör. Skilyrði hafi þá skort til að rifta samningi aðila. Riftun og vörslusvipting hafi byggst á ólögætum gengistryggðum samningnum og stöðu lána sem ekki hafi endurspeglad réttmætar kröfur stefnanda. Við slíkar aðstæður sé það bæði ósanngjarnt og gegn góðri viðskiptavenju að byggja á ákvæðum samninga um uppgjör. Loks verði svo að líta til markaðsaðstæðna við endursölu tækjanna, sem stefnandi hafi sjálfur átt þátt í að skapa.

Vegna þessara atvika, hvers um sig og tekinn saman, verði að teljast ósanngjarnt og í andstöðu við góða viðskiptavenju að stefnandi beri fyrir sig ákvæði samnings aðila um uppgjör. Beri því að víkja þeim til hliðar. Verði að leggja til grundvallar verðmæti tækjanna á uppgjörssdegi. Stefnandi beri að greiða gagnstefnanda mismun verðmætis og eftirstöðva samninga, auk annars tjóns sem leitt hafi af athöfnum hans.

Verði ekki fallist á ofangreint byggi gagnstefnandi á uppgjörssákvæðum samninga aðila. En í 20. gr. hinna stöðluðu samningsskilmála, er stefnandi hafi samið einhliða, sé fjallað um uppgjör ef samningunum er rift. Ákvæði allra samninganna um þetta séu sambærileg. Skyldi „leigutaki“ standa skil á eftirstöðvum lánsins að frádregnu andvirði „leigumunarins“. Frá andvirði skyldi fyrst draga viðgerðakostnað og kostnað sem hafi verið á ábyrgð „leigutaka“, svo sem tryggingar og bifreiðagjöld. Ef andvirði samningsandlagsins væri hærra en eftirstöðvar samnings að teknu tilliti til ofangreinds skyldi það sem umfram væri renna til „leigutaka“, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Gagnstefnandi byggi á því að samkvæmt framlögðum verðmötum hans sé verðmæti leigumunanna mun hærra en eftirstöðvar samninga. Ef ekki verður fallist á verðmöt gagnstefnanda eða niðurstöður matsgerða, sem gagnstefnandi afli til stuðnings verðmötum sínum, beri að miða við verðmöt stefnanda sjálfs. Reiknaðar eftirstöðvar samninga á uppgjörssdegi hafi alls numið 90.463.928 krónum. Verðmæti tækjanna að baki samningunum, samkvæmt verðmötum sem stefnandi hafi sjálfur aflað, sé 116.649.192 krónur. Jafnvel þótt tekið væri tilliti til viðgerðarkostnaðar og annarra liða sem stefnandi hafi lagt fram gögn um, samtals 4.072.509 krónur, sé mismunurinn rúmlega 22 milljónir króna. Til samburðar hafi stefnandi miðað uppgjör samninga 2009 við það að verðmæti tækjanna væri án virðisaukaskatts 82.072.993 krónur. Sé það rúmum 34 milljónum króna lægra en verðmöt stefnanda. Stefnandi hafi svo selt sömu tæki á 101.711.678 krónur en hann eigi ekki að hagnast á ólögmati riftun. Við endurútreikning samninga miði stefnandi við enn lægri fjárhæð en við uppgjör en gagnstefnandi hafni útskýringum hans um uppgjör vegna virðisaukaskatts.

Fjárfrafa gagnstefnanda á grunni framgreinds sé krafa vegna uppgjörssamninga, þ.e. andvirði samningsandlagsins, að frádregnum eftirstöðvum hvers samnings. Byggt sé á verðmötum sem hann hafi aflað á andvirði tækjanna á uppgjörssdegi, en jafnframt sé áskilinn réttur til að leggja fram matsgerð til sönnunar á kröfum gagnstefnanda. Krafa sé í öllum tilvikum það tjón sem uppgjör stefnanda hafi valdið gagnstefnanda, aðallega mismunur á raunverulegu verðmæti tækjanna fyrir gagnstefnanda, en til vara á markaðsverðmæti tækjanna annars vegar og á eftirstöðvum samninganna hins vegar.

Krafa gagnstefnanda sé sú að stefnandi verði gert að greiða honum mismun á verðmæti tækja á uppgjörssdegi að frádregnum eftirstöðvum samnings í samræmi við samninga aðila. Sé byggt á 20. gr. samninganna sjálfra um uppgjör, en í samræmi við það ákvæði eigi andvirði leigumunar að frádregnum viðgerðarkostnaði og gjöldum og

eftirstöðvum samnings að renna til gagnstefnanda. Fyrir liggi að allir umræddir fjármögnunarleigusamningar gagnstefnanda við stefnanda séu í raun lán færð í búning leigusamninga. Gagnstefnandi byggir kröfu sína á að við endurreikning samninganna hafi á grundvelli verðmætis tækjanna stofnast inneign gagnstefnanda hjá stefnanda.

Gagnstefnandi vísi til fordæma Hæstaréttar um aðferðafræði við endurútreikning. Endurútreikningur stefnanda sé óskýr þar sem af honum verði ekki leidd staða einstakra samninga á uppgjörssdegi. Gagnstefnandi hafi endurútreiknað samningana frá síðasta greidda gjalddaga m.v. endurútreikning stefnanda og lagt á vexti jafnháa vöxtum þeim sem Seðlabanki Íslands ákveði með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum, almennum, óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir séu samkvæmt 10. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, í samræmi við 4. gr., sbr. 3. gr., laganna, til uppgjörssdags. Til frádráttar komi greiðslur frá gagnstefnanda á tímabilinu er fyrst sé ráðstafað til greiðslu áfallinna vaxta en að þeim greiddum inn á höfuðstól.

Verðmöt stefnanda byggist í flestum tilvikum á óeðlilegum markaðsaðstæðum þar sem eftirspurn hafi verið í lágmarki en framboð í hámarki. Þar sem ekki sé alltaf hægt að meta umrædd tæki hafi gagnstefnandi, þegar svo hátti til, reiknað verðmæti þeirra út frá afföllum m.v. nývirði í samræmi við viðurkenndar reikningsaðferðir. Almennu sé m.v. 20% afföll á fyrsta ári en 15% á ári eftir það í samræmi við venjur.

Stefnandi hafi í fæstum tilvikum dregið frá samningi verðmæti samningsandlags samkvæmt eigin verðmæti. Óútskýrður sé munur verðmætis samkvæmt verðmötum sem stefnandi hafi aflað og verðmætis sem komi síðan til frádráttar á uppgjörssdegi.

Í flestum tilvikum sé verðmat við endurútreikning lægra en verðmat við uppgjör samnings. Sá mismunur sé í öllum tilvikum órökstuddur og ekki studdur með gögnum.

Reiknaðferð stefnanda um frádrátt vegna ógreidds virðisaukaskatts sé mótmælt. Þetta séu lánssamningar og beri greiðslur ekki virðisaukaskatt. Stefnandi geti ekki bætt við samningsfjárhæð ógreiddum virðisaukaskatti er hann hafi ranglega lagt á greiðslur samkvæmt samningi. Hann hafi sjálfur ákveðið samningsformið og verði að bera halla af því, vitandi um ólögð mæti samninganna, að hafa búið þá í þennan búning.

Gagnstefnandi hafi óskað eftir að dómkvaddur verði matsmaður til þess að meta annars vegar enduröflunarverð tækja en hins vegar andvirðið á uppgjörssdegi samnings og áskilji sér rétt til að breyta kröfugerð til samræmis við niðurstöðu mats. Krafan sé þannig sett upp að fyrst sé fjallað um verðmæti tækja undir hverjum samningi og síðan eftirstöðvar viðkomandi samnings sem komi til frádráttar þar sem þær liggja fyrir.

Verður nú vikið nánar að kröfum tengdum hverjum hinna 13 samninga fyrir sig:

Samningur SFL018341, dags 16.4.2007, lánsfjárhæð 4.606.539 krónur. Andlag Benz Actros-vörubíll, skráningarnúmer UX-315. Bíllinn hafi verið með sérútbúnum malbikunarkassa, sem sé einstakur á landinu., sérútbúinn til að ganga frá vegköntum og öxlum eftir malbikun. Stefnandi hafi lýst yfir riftun á samningi aðila í bréfi, dags

24. mars 2009. Gagnstefnandi byggir á verðmati Öskju hf., umboðsaðila tækjanna, sem sé 8.600.000 krónur. Verðmat stefnanda hafi verið 3.500.000 krónur, sbr. verðmat Hrauntaks, dags 9. febrúar 2010, sem sé mótmælt. Ágreiningur sé um hvort samningur komi til endurútreiknings en gagnstefnandi hafi endurútreiknað samninginn. Vextir teljist fullgreiddir á greiddum gjalddögum til og með 10.6.2008. Frá höfuðstól dragist afborgun og kostnaður í samræmi við reikniaðferð stefnanda. Frá 10. júní 2008 og til riftunardags leggist áfallnir vextir við eftirstöðvar skuldar. Vextir séu höfuðstólsfærðir árlega. Samkvæmt endurútreikningi stefnanda séu eftirstöðvar samningsins á riftunardegi 4.368.267 krónur. Krafa gagnstefnanda sé því 4.231.733 krónur.

Samningur SFL 018421, dags 20.9.2007, lánsfjárhæð 8.000.000 króna. Deilt sé um hvort um sé að ræða ólögmat lán með gengistryggingu eða lögmætt erlent lán. Andlag samningsins sé Scania R124, skráningarnúmer DZV57. Bíllinn hafi verið nýskráður 2003. Uppgjör miðist við vörslusviptingu 25. september 2009. Stefnandi hafi lýst yfir riftun samnings í bréfi, dags. 25. september 2009. Samkvæmt upplýsingum stefnanda hafi söluverð tækisins verið 6.000.000 króna, en samkvæmt verðmati sem félagið hafi aflað hafi andvirði tækisins verið 6.500.000 krónur án vsk. Gagnstefnandi hafni verðmötum sem of lágum. Við uppgjör hafi stefnandi m.v. við lægri fjárhæð, eða um 6.100.000 krónur með virðisaukaskatti en sá mismunur sé óútskýrður. Gagnstefnandi hafi aflað upplýsinga hjá umboðsaðila Scania, Kletti hf. Samkvæmt þeim hafi nývirði tækis af sömu gerð verið 205.000 evrur eða 37.000.000 króna m.v. gengisskráningu 25. september 2009. Tækið hafi verið nýskráð 2003 og því sex ára þegar vörslusvipting hafi átt sér stað. Gagnstefnandi hafi reiknað andvirðið út frá afföllum af nývirði. Séu reiknuð 20% afföll á 1. ári en 15% á ári eftir það. Sé verðmætið 35% af verðmæti nýs tækis eða 72.768 evrur, sem samsvari 13.386.341 krónu, m.v. gengisskráningu 25. september 2009 (183,96). Endurreikningur samnings liggir ekki fyrir og sé skorað á stefnanda að leggja fram greiðslusögu hans. Gagnstefnandi geri kröfu í samræmi við verðmæti tækisins, 13.386.341 krónu, en til frádráttar komi eftirstöðvar samnings þegar þær liggja fyrir.

Samningur SFL 004582, dags 14.11.2006, lánsfjárhæð 7.512.149 krónur. Andlag sé Scania R580-dráttarbíll með snjótannarbúnaði, skráningarnúmer KK-239. Bíllinn hafi verið tekin út vörslum stefnanda 10 nóvember 2009 og uppgjör m.v. þann dag. Með bréfi, dags 20. janúar 2010, hafi stefnandi lýst yfir riftun samningsins. Frádráttur vegna verðmætis tækisins við uppgjör hafi verið 5.760.450 krónur með vsk. Stefnandi hafi aflað verðmats Hrauntaks ehf. og var niðurstaðan að verðmætið væri 6.000.000 króna án vsk, en það hafi verið án skoðunar. Gagnstefnandi byggir á verðmati Hrauntaks, dags 22. júní 2010. Þar segi að verð sé áætlað 11–12 milljónir króna án vsk., en lægri talan lögð til grundvallar. Verðmat Hrauntaks ehf. fái stoð í því að Stabbi ehf., systurfélag gagnstefnanda, hafi keypt tækið af stefnanda 21. janúar 2010.

Kaupverð hafi verið 7.530.000 krónur með vsk. Þann 15. október 2012 hafi Stabbi ehf. selt bifreiðina fyrir 11.922.500 krónur með vsk. Styðji þetta verðmat Hrauntaks ehf., er gagnstefnandi hafi aflað og beri að leggja til grundvallar. Samkvæmt endurútreikningi stefnanda hafi eftirstöðvar samnings m.v. 10. júní 2008 verið 5.968.664 krónur. Gagnstefnandi hafi reiknað eftirstöðvar til uppgjörsdags, en samkvæmt endurútreikningi stefnanda hafi sá dagur verið 10. nóvember 2009. Sé á því byggt að eftirstöðvar samnings á uppgjörssdegi hafi verið 6.866.741 króna. Krafa gagnstefnanda sé því 4.133.259 krónur.

Samningur SFL 004583, dags 15.12.2006, lánsfjárhæð 4.538.152 krónur. Andlag Man 26.463 DFLT-vörubifreið með skráningarnúmer GH 730. Tækið hafi verið fært í vörslur stefnanda 25. ágúst 2009 og uppgjör m.v. við þann dag. Með bréfi 18. september 2009 hafi stefnandi lýst yfir riftun. Verðmat stefnanda við uppgjör hafi verið 3.921.750 krónur með vsk., en einnig hafi verið dreginn frá viðgerðarkostnaður, 2.490.000 krónur. Þeim kostnaði sé mótmælt, sbr. ástandsskoðun Krafts sem stefnandi hafi aflað, en áætlað söluverð, m.v. ástand, hafi verið 3.500.000 krónur. Virðist stefnandi því tvídraga viðgerðarkostnað frá. Gagnstefnandi byggi á verðmati Krafts hf., umboðsaðilans, en samkvæmt því hafi söluverð á uppgjörssdegi verið 6.530.000 krónur án vsk. Samkvæmt endurútreikningi stefnanda hafi eftirstöðvar m.v. 10. júní 2008 verið 3.600.673 krónur. Gagnstefnandi hafi reiknað eftirstöðvar samnings til uppgjörsdags sem 4.050.291 krónu. Krafa gagnstefnanda sé því 2.449.709 krónur.

Samningur SFL 004584, dags 27. desember 2006, að lánsfjárhæð 6.900.000 krónur. Gagnstefnandi hafi greitt fyrir fram 1.325.301 krónu. Samningsfjárhæð hafi því verið 5.574.699 krónur. Andlag Volvo FM12 8x4 vörubíll með skráningarnúmer EB213. Stefnandi hafi lýst yfir riftun í bréfi, dags 12. október 2009. Verðmat við uppgjör hafi verið 6.162.750 krónur. Verðmat stefnanda sé 5.500.000 krónur án vsk., ódagsett, m.v. gengi 29. desember 2009. Uppgjörssdagur samkvæmt endurútreikningi hafi verið 10. nóvember 2009. Gagnstefnandi byggi verðmat sitt á upplýsingum frá Brimborg, umboðsaðila tækisins, um nývirði sambærilegs tækis. Markaðsvirði sé reiknað með afföllum frá því. Afföllin nemi 9.506.000 krónum og því sé lagt til grundvallar að verðmæti tækisins á uppgjörssdegi hafi verið 14.994.000 krónur. Samkvæmt endurútreikningi stefnanda hafi eftirstöðvar m.v. 10. maí 2008 verið 4.503.051 króna. Gagnstefnandi hafi reiknað eftirstöðvar samnings til uppgjörsdags, en samkvæmt endurútreikningi stefnanda hafi uppgjörssdagur verið 27. ágúst 2009. Sé á því byggt að eftirstöðvar samningsins á uppgjörssdegi hafi verið 5.074.852 krónur. Samkvæmt því sé inneign gagnstefnanda samkvæmt samningum 9.919.148 krónur.

Samningur SFL 005462, dags. 19. mars 2007, lánsfjárhæð 6.680.000 krónur. Andlag MH-850 NC300x90-vélavagn, OA Krampe HP20 og þrír kastplógar Overaasen DH285D. Tækin hafi verið tekin úr vörslum gagnstefnanda 25. ágúst 2008

og miðist uppgjör við þann dag. Með bréfi, dags. 27. október 2009, hafi stefnandi lýst yfir riftun. Í bréfinu komi fram að stefnandi hafi dregið verðmæti andlagsins frá eftirstöðvum, annars vegar vélavagninn á 1.792.800 krónur og hins vegar malarvagninn Krampe HP 20 á 4.482.000 krónur. Í verðmati er stefnandi hafi aflað hjá Jötunvélum, dags 5. október 2009, komi fram að venjulegt söluverð vélavagnsins ætti að vera um 1,6–1,8 milljónir króna og venjulegt söluverð Krampe-malarvagns væri 5–5,5 milljónir króna. Það athugist að verðmat Jötunvéla sé án virðisaukaskatts. Óútskýrður sé munur á verðmati sem stefnandi hafi aflað annars vegar og verðmati við uppgjórið hins vegar. Gagnstefnandi geri hins vegar ekki athugasemdir við það verðmat sem stefnandi hafi aflað og byggi á að verðmætið sé 7,3 milljónir króna í samræmi við niðurstöðu verðmats stefnanda. Ágreiningur sé um verðmat kastplóga. Í bréfi komi fram að stefnandi hafi metið hvern kastplóg á 896.400 krónur, eða samtals 2.692.200 krónur. Gagnstefnandi hafi aflað upplýsinga hjá umboðsaðila, A. Wendel hf., um verð nýs kastplógs og sé það 2.875.863 krónur. Gagnstefnandi reikni andvirði kastplóganna frá því verði, m.v. sömu afföll og áður. Þá sé andvirði hvers kastplógs 1.828.473 krónur, eða samtals 5.485.419 krónur. Gagnstefnandi byggi á að andvirði tækjanna allra sé 12.785.419 krónur. Samkvæmt endurútreikningi stefnanda hafi eftirstöðvar samnings m.v. 10. júní 2008 verið 5.614.854 krónur. Gagnstefnandi hafi reiknað eftirstöðvar til uppgjörsdags, en samkvæmt endurútreikningi stefnanda hafi hann verið 25. ágúst 2009. Sé á því byggt að eftirstöðvar samningsins á uppgjörssdegi hafi verið 6.224.325 krónur. Krafa gagnstefnanda sé því aðallega 6.561.094 krónur, en til vara 3.767.875 krónur, ef verðmat stefnanda verður fremur lagt til grundvallar.

Samningur SFL 006501, dags. 9.5.2007, lánsfjárhæð 12.347.791 króna. Andlag Cat 324D-beltagrafa, með skráningarnúmer EB-1325. Vélin hafi verið tekin úr vörslum gagnstefnanda 10. nóvember 2009, sem sé uppgjörssdagur. Stefnandi hafi lýst yfir riftun samningsins með bréfi, dags 12. janúar 2009. Við uppgjör hafi stefnandi m.v. að verðmæti leigumunar væri 14.116.300 krónur, en frá drægist viðgerðarkostnaður, 26.360 krónur. Samkvæmt verðmati stefnanda hafi verðmæti tækis verið 18.270.000 krónur. Gagnstefnandi byggi verðmat sitt á upplýsingum frá Kletti ehf., umboðsaðila tækisins. Samkvæmt því hafi verð á nýju tæki af sömu tegund verið 197.000 evrur án vsk. Markaðsvirði þriggja ára gamals tækis sé 50-60% af virði nýs, eða 118.200 evrur m.v. 60% af verðmæti nýs tækis, sem sé í samræmi við forsendur í verðmati stefnanda sjálfs. M.v. gengi evru á uppgjörssdegi (186,62) hafi verðmæti tækisins á þá verið 22.058.484 krónur. Samkvæmt endurútreikningi stefnanda hafi eftirstöðvar samnings m.v. 10. maí 2008 verið 10.633.739 krónur. Gagnstefnandi hafi reiknað eftirstöðvarnar til uppgjörsdags. Sé á því byggt að eftirstöðvar samnings á uppgjörssdegi hafi verið 12.262.373 krónur. Krafa

gagnstefnanda sé því 9.796.111 krónur, en til vara 6.007.627 krónur sé verðmat stefnanda fremur lagt til grundvallar.

Samningur SFL 006681, dags 4.6.2007, lánsfjárhæð 11.888.000 krónur. Andlag Fendt 936 Vario-dráttarvél, með skráningarnúmer LO-735. Tækið hafi verið tekið úr vörslum stefnanda 9. september 2009 og uppgjör m.v. þann dag. Með bréfi stefnanda, 13. október 2009, hafi verið lýst yfir riftun á samningi aðila. Samkvæmt bréfinu hafi verðmæti tækisins við uppgjör verið 20.169.000 krónur með vsk. Samkvæmt verðmati er stefnandi hafi aflað hafi mat verið 19.500.000 krónur án vsk. Verðmat gagnstefnanda sé m.v. afföll af nývirði. Byggist það á verðmati Vélfangs ehf. Samkvæmt því sé nývirði tækis af sömu tegund 35.000.000 króna. Afföll séu alls 12.142.083 krónur og sé viðmiðunarverð þá 22.857.917 krónur. Samkvæmt endurútreikningi stefnanda hafi eftirstöðvar samnings m.v. 10. júní 2008 verið 10.473.731 króna. Gagnstefnandi hafi reiknað eftirstöðvar til uppgjörsdags og sé á því byggt að á uppgjörsegi hafi þær verið 12.080.480 krónur. Krafa gagnstefnanda sé því aðallega 10.777.437 krónur, en til vara sé byggt á verðmati stefnanda, 7.419.520 krónum.

Samningur SFL 009061, dags 26. október 2007, að lánsfjárhæð 7.160.156 krónur. Andlag fjórir dreifarar af gerðinni Stratos B70-42. Tækin hafi verið tekin úr vörslum gagnstefnanda 25. ágúst 2009 og uppgjör m.v. þann dag. Stefnandi hafi lýst yfir riftun með bréfi, dags 15. október 2009. Við uppgjör hafi stefnandi miðað við að verðmæti hvers dreifara væri 3.025.350 krónur með vsk. Samkvæmt verðmati er stefnandi hafi aflaði hjá Aflvéllum, sbr. tölvupóst, dags. 27. ágúst 2009, hafi nývirði sambærilegs dreifara verið 26.500 evrur, eða 4.872.555 krónur. m.v. skráð gengi evru 25. ágúst 2009. Verðmæti hvers dreifara sé þá 3.412.413 krónur og þá alls 13.649.652 krónur. Í tölvupóstinum komi einnig fram að líklegt söluverð sé 2,5–2,7 milljónir króna m.v. þáverandi markaðsaðstæður, eða um 10 milljónir króna fyrir alla fjóra. Gagnstefnandi byggi verðmat á upplýsingum um nývirði sambærilegra tækja. Samkvæmt upplýsingum Aflvéla hafi nývirði verið 5.500.000 krónur stk. eða alls 22.000.000 króna. Afföll séu reiknuð á sama hátt. Afföll hvers tækis séu 1.648.167 krónur og viðmiðunarverð tækis á uppgjörsegi 3.851.333 krónur eða 15.407.332 krónur fyrir öll fjögur. Samkvæmt endurútreikningum stefnanda hafi eftirstöðvar samnings m.v. 10. júní 2008 verið 6.656.594 krónur. Gagnstefnandi hafi reiknað eftirstöðvar samnings til uppgjörsdags, en samkvæmt endurútreikningi stefnanda hafi uppgjörsdagur verið 25. ágúst 2009. Sé á því byggt að eftirstöðvar samnings á uppgjörsegi hafi verið 7.397.602 krónur. Krafa gagnstefnanda sé því 8.009.730 krónur, en til vara 6.252.050 krónur ef verðmat sem stefnandi hafi aflað er lagt til grundvallar. Jafnvel þó fallist væri á það verð sem sé nefnt sem mögulegt söluverð í bréfi Aflvéla sé krafa gagnstefnanda 3.402.398 krónur.

Samningur SFL 018361, dags 14. júní 2007, að lánsfjárhæð 2.405.494 krónur. Andlag Kirby BPS 250-brjótur m/karb fyrir dráttarvélar. Tækið hafi verið tekið úr vörslum gagnstefnanda 25.8.2009 og uppgjör m.v. þann dag. Stefnandi hafi lýst yfir riftun í bréfi, dags. 18. nóvember 2009. Samkvæmt því uppgjóri hafi verðmæti andlags verið 1.120.500 krónur með vsk. Verðmat er stefnandi hafi aflað sé 1.200.000 krónur. Mismunur sé óútskýrður en verðmæti stefnanda sé mótmælt. Það byggir á markaðsaðstæðum er stefnandi hafi átt þátt í að skapa sbr. ummæli í tölvupósti um að markaður fyrir notaða brjóta sé ekki góður. Söluverð stefnanda hafi verið 1.111.572 krónur án vsk. Gagnstefnandi hafi aflað upplýsinga um nývirði sambærilegs tækis. Samkvæmt upplýsingum frá umboðsaðila sé nývirði sambærilegs brjóts 9.200.000 krónur án vsk. Samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda séu afföll á brjótum 25% á fyrsta ári, 20% á næsta ári og 15% eftir það. Reiknuð afföll séu þá 3.843.300 krónur, og verðmæti tækisins á uppgjörssdegi 5.356.700 krónur. Samkvæmt endurútreikningi stefnanda hafi eftirstöðvar samnings m.v. 10. júlí 2008 verið 2.026.718 krónur. Gagnstefnandi hafi reiknað eftirstöðvar til uppgjörssdags en samkvæmt endurútreikningi stefnanda sé hann 25. ágúst 2009. Sé byggt á að eftir- stöðvar samnings á uppgjörssdegi hafi verið 2.333.832 krónur. Krafa sé því 3.022.868 krónur.

Samningur SFL 018401, dags 19. september 2007, lánsfjárhæð 17.280.000 krónur. Andlag Caterpillar D6N-LGP-jarðýta með skráningarnúmer GB 0669, árgerð 2007. Uppgjörssdagur samkvæmt endurútreikningi hafi verið 12. október 2009. Stefnandi hafi lýst yfir riftun á samningi aðila með bréfi, dags. 25. september 2009. Samkvæmt uppgjóri hafi verðmæti tækisins verið 17.143.650 krónur með vsk. en áætlaður viðgerðarkostnaður 121.974 krónur. Samkvæmt verðmæti sem stefnandi hafi aflað hjá Íshlutum hafi markaðsvirði tækisins verið 137.000 evrur (65% af verðmæti nýs tækis). Miðað við gengisskráningu á uppgjörssdegi (184,82) hafi markaðsvirði tækisins verið 25.320.340 krónur. Munur á verðmæti stefnanda sjálfs og frádrætti við uppgjör sé óútskýrður. Gagnstefnandi hafi aflað upplýsinga um nývirði tækis hjá Kletti hf., umboðsaðila tækjanna. Samkvæmt því hafi verð á nýju tæki verið 230.000 evrur. Miðað við 65% af nývirði samkvæmt verðmæti stefnanda sjálfs hafi markaðsvirði verið 149.500 evrur, eða 27.630.590 krónur miðað við skráð gengi evru á uppgjörssdegi. Samkvæmt endurútreikningi stefnanda hafi eftirstöðvar á uppgjörssdegi verið 19.332.239 krónur. Krafa gagnstefnanda sé mismunur eftirstöðva og verðmætis tækja, 8.298.351 króna m.v. verðmat gagnstefnanda, en til vara 5.988.101 króna m.v. verðmat stefnanda.

Samningur SFL 025582, dags. 27. júlí 2007, lánsfjárhæð 1.120.000 krónur. Andlag FRD-F12LN-vökvaflægur sem hafi verið tekinn úr vörslum gagnstefnanda 25. ágúst 2009 og miðist uppgjör við þann dag. Stefnandi hafi lýst yfir riftun á samningi aðila með bréfi, dags 21. september 2009. Samkvæmt bréfinu hafi verðmæti

fleygsins verið 1.008.450 krónur með vsk. Samkvæmt verðmati sem stefnandi hafi aflað hafi markaðsvirði tækisins verið 1.521.000 krónur án vsk., en mismunur sé óútskýrður. Verðmat gagnstefnanda byggist á útreiknuðum afföllum af nývirði. Samkvæmt upplýsingum frá Vélaflí hf., umboðsaðila fleygsins, hafi nývirðið á uppgjörstíma verið 15.300 evrur. Afföll á samningstíma séu 4.896 evrur og markaðsvirði á uppgjörstíma 10.404 evrur. Markaðsvirði m.v. skráð gengi á uppgjörstíma (183,87) sé þá 1.912.983 krónur. Samkvæmt endurútreikningi stefnanda hafi eftirstöðvar samnings m.v. 15. júní 2008 verið 939.764 krónur. Gagnstefnandi hafi reiknað eftirstöðvar samnings til uppgjörstíma en samkvæmt endurútreikningi stefnanda sé hann 25. ágúst 2009. Sé á því byggt að eftirstöðvar samnings á uppgjörstíma hafi verið 1.075.541 króna. Krafa gagnstefnanda sé mismunur verðmats og eftirstöðva eða alls 837.442 krónur miðað við verðmat gagnstefnanda, en til vara 445.459 krónur miðað við verðmat stefnanda.

Samningur SKL 006241, dags 26. september 2007, lánsfjárhæð 1.800.361 króna. Andlag Toyota Hiace með skráningarnúmer VML16. Bíllinn hafi verið tekin úr vörslum gagnstefnanda 24. september 2009 og uppgjör m.v. þann dag. Með bréfi, dags. 24. september 2009, hafi stefnandi lýst yfir riftun en samkvæmt bréfinu sé verðmæti tækis 2.461.600 krónur með vsk., en frá hafi verið dreginn viðgerðarkostnaður að fjárhæð 329.132 krónur. Stefnandi hafi aflað verðmats hjá Toyota en samkvæmt því hafi verðmætið verið 2.896.000 krónur. Samkvæmt upplýsingum frá stefnanda hafi söluverðið verið 2.654.923 krónur án vsk. Gagnstefnandi byggist á verðmati Toyota. Samkvæmt því hafi verðmæti bílsins verið 3.220.000 krónur. Samkvæmt endurútreikningi stefnanda hafi eftirstöðvar samnings m.v. 15. júní 2008 verið 1.594.799 krónur. Gagnstefnandi hafi reiknað eftirstöðvarnar til uppgjörstíma en samkvæmt endurútreikningi stefnanda hafi uppgjörstími verið 10. nóvember 2009. Sé á því byggt að eftirstöðvar samnings á uppgjörstíma hafi verið 1.847.003 krónur. Krafa gagnstefnanda sé því 1.372.997 krónur, eða 1.043.865 krónur að teknu tilliti til viðgerðarkostnaðar. Til vara byggist gagnstefnandi á því verðmati sem stefnandi hafi aflaði hjá Toyota og sé krafan þá 1.048.997 krónur.

Fjárfkrafa gagnstefnanda vegna uppgjör framangreindra lánsamninga sé því alls 82.826.220 krónur og sundurliðist svo:

	Verðmat	Eftirstöðvar	Mismunur
SFL 018341	8.600.000	4.368.267	4.231.733
SFL 018421	13.386.341	13.386.341	
SFL 004582	11.000.000	6.866.741	4.133.259
SFL 004583	6.530.000	4.050.291	2.479.709
SFL 004584	14.994.000	5.074.852	9.919.148
SFL 005462	12.785.419	6.224.325	6.561.094

SFL 006501	22.058.484	12.262.373	9.796.111
SFL 006681	22.857.917	12.080.480	10.777.437
SFL 009061	15.407.332	7.397.602	8.009.730
SFL 018361	5.356.700	2.333.832	3.022.868
SFL 018401	27.630.590	19.332.239	8.298.351
SFL 025582	1.912.983	1.075.541	837.442
SKL 006241	3.220.000	1.847.003	1.372.997
Samtals	165.739.766	82.913.546	82.826.220

Eftirstöðvar samnings nr. SFL 018421 liggi þó ekki fyrir þar sem stefnandi hafi ekki lagt fram greiðslusögu samningsins, en komi til lækkunar þegar hún liggi fyrir.

Ef fremur verður fallist á varakröfu gagnstefnanda, þar sem byggt sé á verðmötum stefnanda sjálfs, sé krafan alls 68.102.687 krónur og sundurliðist þá svo:

	Verðmat	Eftirstöðvar	Mismunur
SFL 018341	8.600.000	4.368.267	4.231.733
SFL 018421	13.386.341	13.386.341	
SFL 004582	11.000.000	6.866.741	4.133.259
SFL 004583	6.530.000	4.050.291	2.479.709
SFL 004584	14.994.000	5.074.852	9.919.148
SFL 005462	9.992.200	6.224.325	3.767.875
SFL 006501	18.270.000	12.262.373	6.007.627
SFL 006681	19.500.000	12.080.480	7.419.520
SFL 009061	13.649.652	7.397.602	6.252.050
SFL 018361	5.356.700	2.333.832	3.022.868
SFL 018401	25.320.340	19.332.239	5.988.101
SFL 025582	1.521.000	1.075.541	445.459
SKL 006241	2.896.000	1.847.003	1.048.997
Samtals	151.016.233	82.913.546	68.102.687

Vísað sé til 3. gr. laga nr. 14/1905, reglna samningaréttar um efndabætur, sakarreglu skaðabótarréttar og laga nr. 161/2002, einkum 19. gr. og reglna nr. 670/2013 og 672/2017, laga nr. 7/1936, einkum 36. gr., reglna um brostnar forsendur, laga um vexti og verðtryggingu einkum 13. og 14. gr., meginreglna samninga- og kröfuréttar um efndir og til reglna um skaðabætur innan samninga og um efndabætur.

Niðurstaða

Málið snýr að ágreiningi um uppgjör aðila, þ.e. stefnanda Landsbankans hf., sem er lánastofnun, og gagnstefnanda Heflunar ehf., sem er verktakafyrirtæki. Hófst mál þetta með því að stefnandi höfðaði mál til innheimtu á tveimur óuppgerðum fjölmýntalánum hjá gagnstefnanda, sem voru með ólögumætri gengistryggingu og

sættu þar af leiðandi leiðréttingum sem slík, en hér heldur gagnstefnandi uppi þeim vörnum að umrædd krafa stefnanda hafi ekki verið leiðrétt með réttum hætti varðandi meðferð vaxta og stofndag uppgjörskröfu, sbr. 18. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.

Í öðru lagi hefur gagnstefnandi svo uppi varnir sem byggja á því að hann telur sig eiga gagnkröfu á stefnanda þar sem hann hafi ekki sætt réttum efndum í tengslum við uppgjör á 13 fjármögnunarleigusamningum er nú teljist ótvírætt vera lánsamningar, en stefnandi rifti á sínum tíma þeim samningum og gerði svo upp við gagnstefnanda. Höfðar gagnstefnandi sjálfstætt mál í þessu skyni á hendur stefnanda þar sem kröfur hans nema hærri fjárhæð en kröfur stefnanda í hinu fyrra máli, auk þess sem krafist er af hálfu gagnstefnanda viðurkenningar á því að tveir umræddra 13 samninga feli í sér lán með ólögmati gengistryggingu en ekki erlent lán, eins og stefnandi hefur lagt til grundvallar við uppgjör aðila. Voru mál þessi síðan sameinuð og eru hér til úrlausnar.

Í fyrsta lagi, varðandi kröfu stefnanda á hendur gagnstefnanda vegna innheimtu á vangoldnum eftirstöðvum af umræddum tveimur fjölmyntalánnum, auðkennd sem nr. 8878 og 8876, alls uppreiknuð að fjárhæð 69.479.888 krónur, auk dráttarvaxta, þá liggja fyrir í málinu útreikningar stefnanda á leiðréttingu þeirra tveggja lánsamninga. Verður ekki annað séð af endurútreikningunum en stefnandi hafi þar fylgt annars vegar árið 2011 ákvæði 10. gr. laga nr. 38/2001 um lægstu óverðtryggða vexti og þá myndað nýjan höfuðstól lánanna, en árið 2014 svo enn leiðrétt lánin m.t.t. dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 600/2011 og 464/2012, varðandi fullnaðarkvittanir, en vextir hafi ekki verið fyrndir þegar endurútreikningur hafi farið fram, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. XIV. í lögum nr. 38/2001, og verður því ekki fallist á þær málsástæður gagnstefnanda að þær kröfur hafi verið fyrndar eða rangt með þær farið, sbr. ákvæði 18. gr. sömu laga. Verður því að fallast á umræddar greiðslukröfur stefnanda gagnvart gagnstefnanda, auk dráttarvaxta, í aðalsök málsins, það er að gagnstefnanda verði þá gert að greiða stefnanda 69.479.888 krónur með dráttarvöxtum frá 17. október 2014 til greiðsludags.

Í öðru lagi, varðandi kröfu gagnstefnanda um viðurkenningu á að lánsamningar nr. SFL 018341, dags. 16. apríl 2007, og SFL 018421, dags. 20. september 2007, feli í sér lán með ólögmati gengistryggingu, þá telur dómurinn það sýnt að fallast verði á með stefnanda að báðir samningarnir eigi það sammerkt að lánveitingin hafi alfarið verið bundin við fjármögnun til kaupa á tækjum erlendis frá í erlendum gjaldmiðlum sem notaðir voru í viðskiptunum og falla því ekki undir lán í íslenskum krónum með ólögmati gengistryggingu, sbr. dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 22/2017 og nr. 337/2013. Eru því að mati dómsins hér engin skilyrði til þess að fallast beri á kröfu gagnstefnanda um að viðurkenna að umræddir samningar feli í sér lán með ólögmati gengistryggingu, og ber að sýkna stefnanda af þeirri kröfu gagnstefnanda.

Í þriðja lagi, varðandi kröfur gagnstefnanda um leiðrétt uppgjör á framan- greindum 13 fjármögnunarleigusamningum, er óumdeilt voru lánessamningar, og sem gerðir voru á milli gagnstefnanda og SP fjármögnunar á árunum 2006–2007 og stefnandi rifti síðan á árunum 2009–2010 og gerði svo upp við gagnstefnanda, að því er virðist byggt á mati m.t.t. áætlaðs markaðsverðs á umræddum tækjum, er þá var fyrir hendi, en að frádregnum uppreiknuðum eftirstöðvum bréfanna, þá virðist gagn- stefnandi einkum byggja á því að stefnandi hafi farið offari við riftun samninganna og að uppgjórið hafi verið óforsvaranlegt gagnvart gagnstefnanda m.v. rétt og eðlilegt verðmæti tækjanna. Er krafa gagnstefnanda um efndabætur og vísað til þess að ekki hafi verið skilyrði til riftunar hvað varðar þessa samninga en að uppgjórið hafi í öllu falli ekki falið í sér réttar efndir. Hefur gagnstefnandi aflað matsgerðar og stefnandi yfirmats en þær virðast hvorug taka mið af samtíma markaðsvirði þeirra tækja gagn- stefnanda er stefnandi leysti til sín á þessum tíma, sem var vissulega óvenju erfiður.

Að mati dómsins verður að fallast hér á með stefnanda að málgögn sýni nægilega fram á það að vanskil gagnstefnanda hafi þegar verið til orðin um mitt ár 2008 hvað varðar greiðslur af öllum umræddum samningum og greiðslufall svo algert eftir að efnahagsáfallið dundi yfir frá og með hausti 2008. Leitað var leiða í samskiptum aðila um innborganir sem ekki gengu þó eftir en gagnstefnandi hélt tækjum fram að riftun samninga á árunum 2009–2010, án þess að greiða af þeim. Verður því ekki fallist á það með gagnstefnanda að sýnt þyki að skilyrði til riftunar umræddra samninga hafi þá ekki verið fyrir hendi af hálfu stefnanda og virðist uppgjóri aðila í framhaldi af riftun ekki hafa verið mótmælt af gagnstefnanda fyrr en hér í greinargerð í aðalsök.

Að öðru leyti telur dómurinn að fallast verði á þá málsástæðu stefnanda að ekki geti talist óeðlilegt að uppgjör aðila, það er verðmat tækjanna, hafi við þessar aðstæður tekið mið af markaðsaðstæðum á þessum tíma, sem voru vissulega slæmar, en fyrirbyggjandi gögn um endursölu stefnanda á umræddum tækjum gefa til kynna að verðmat er lagt hafi verið til grundvallar af stefnanda og aflað var hjá óháðum aðilum hafi vísast verið nokkuð nærri lagi um markaðsaðstæður á umræddum tíma. Ber að mati dómsins fremur að leggja þau verðmöt stefnanda til grundvallar en verðmöt í fyrirbyggjandi matsgerðum er virðast einkum taka mið af enduröflunarvirði.

Af hálfu gagnstefnanda er hér ekki deilt efnislega um endurútreikning umræddra lánessamninga, þar sem hann fór fram í 11 af þessum 13 samningum, heldur aðeins á verðmatið á tækjunum, en þó einkum uppgjórið af hálfu stefnanda, sem gagnstefnandi telur að inniberi einnig ýmsan óútskýrðan eða óréttmætan kostnað af hálfu stefnanda. Að mati dómsins verður að fallast á með gagnstefnanda að stefnandi hafi ekki auðnast að útskýra með viðhlítandi hætti annars vegar hvers vegna hans eigin verðmöt hafi ekki verið notuð fullum fetum við uppgjórið, heldur eftir atvikum lægra mat, en hins vegar hvaða annar kostnaður hafi einnig verið settur inn í uppgjórið og hvað útskýri

þá hann. Er því ekki loku fyrir það skotið að gagnstefnandi hafi átt tiltekna fjárkröfu á hendur stefnanda. En þar sem verðmat stefnanda lá fyrir gagnvart gagnstefnanda árið 2009 og sætti svo sannanlega ekki andmælum fyrr en í greinargerð gagnstefnanda í nóvember 2017, þá er að sama skapi ljóst að mögulegar kröfur gagnstefnanda um efndabætur vegna þessa teljast nú ótvírætt vera fyrndar, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007. Verður ekki séð að gagnstefnandi hafi hér fært fram gild rök fyrir því að unnt sé að víkja lögum um fyrningu kröfuréttinda til hliðar með vísan til þess að gagnstefnandi hafi ekki talið verðmatið og uppgjörið hafa raunhæfa þýðingu fyrir hann fyrr en að leiðrétting samninganna tók svo á sig endanlega mynd árið 2014. Verður því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnanda af fjárkröfum gagnstefnanda í gagnsök máls þessa.

Með hliðsjón af öllu framangreindu verður að mati dómsins heldur ekki talið að aðrar fram komnar röksemdir eða málsástæður hafi við svo búið sérstaka þýðingu eða að þær geti leitt til annarrar niðurstöðu, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991.

Að öllu framangreindu virtu verður það því niðurstaða dómsins að fallast beri á dómkröfur stefnanda, Landsbankans hf., eins og þær liggja hér fyrir í málinu. Verður hins vegar að sýkna stefnanda af dómkröfum gagnstefnanda, Heflunar ehf., í málinu.

Eins og málið liggur fyrir þykir þó vera rétt að málskostnaður verði felldur niður.

Málið flutti fyrir stefnanda Hannes J. Hafstein lögmaður, en Ólafur Kjartansson lögmaður flutti málið fyrir gagnstefnanda.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kvað upp dóminn, sem dómsformaður, ásamt Birni Þorvaldssyni héraðsdómara og Gísla Elí Guðnasyni viðskiptafræðingi. Geta ber þess að dómsformaður tók fyrst við málinu 4. september 2019 en hafði ekki haft nein afskipti af því fram til þess. Þá hefur dómsuppsaga málsins dregist nokkuð vegna anna dómsformanns en gætt var í því sambandi áskilnaðar 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð:

Gagnstefnandi, Heflun ehf., greiði stefnanda, Landsbankanum hf., 69.479.888 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 69.479.888 krónum frá 17. október 2014 til greiðsludags.

Stefnandi, Landsbankinn hf., er sýkn af dómkröfum gagnstefnanda, Heflunar ehf.

Málskostnaður fellur niður.

Pétur Dam Leifsson

Björn Þorvaldsson

Gísli Elí Guðnason